

## MENNING OG FERÐAÞJÓNUSTA

– um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda



Greinargerð samin að frumkvæði Dr.phil. Láru Magnúsardóttur sérfræðings við HÍ og forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra og unnin af henni og Sólveigu Ólafsdóttur MA í menningarstjórnun og framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar.

Mynd á forsíðu er eftir Halldór Baldursson og er notuð hér með leyfi hans.



## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

### Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur og samantekt .....   | 4  |
| Fyrri hluti. Menning í menningarverkefnum. – Lára Magnúsardóttir .....                   | 10 |
| Menningartengd ferðaþjónusta .....   | 10 |
| Svæðisbundinn vöxtur .....   | 11 |
| Hlutverk háskóla í svæðisbundnum vexti .....   | 12 |
| Inn með hugvísindi! .....  | 13 |
| Hvað er menning? .....   | 16 |
| Hugtakið menning .....   | 16 |
| Aðilar menningararfs .....   | 18 |
| Hugvísindi .....   | 19 |
| Rannsóknasetur í hugvísindum .....   | 21 |
| Rannsóknasetur HÍ taka þátt í samstarfi .....  | 21 |
| Mörg menningarverkefni .....   | 22 |
| Menning án tengsla við menningu og fyrirtæki án tengsla við atvinnulíf .....             | 23 |
| Vannýtt þekking .....  | 28 |
| Þekkingarskortur á sviðinu .....   | 28 |
| Takmörkuð fagþekking á menningu í stoðkerfinu .....                                      | 30 |
| Rannsóknasvið – fræðimenn .....  | 31 |
| Fagþekking .....   | 34 |
| Skapandi greinar – hætta og fyrirmynd .....  | 34 |
| Miðlun er miðlægt vandamál .....   | 36 |
| Framtíðarsýn – stefna .....  | 37 |
| Niðurstöður .....  | 39 |
| Meginniðurstöður .....   | 39 |
| Meginillögur .....   | 40 |
| Rannsóknasetur á landsbyggðinni .....  | 42 |
| Síðari hluti. Ef menning er auðlind. – Sólveig Ólafsdóttir .....                         | 45 |
| Inngangur .....  | 45 |
| Menning er auðlind .....   | 47 |
| Brúarsmíði sem byggir á samþættingu, samhengi og sjálfbærri þróun .....                  | 50 |
| Opinber stefnumótun .....  | 53 |
| Menningarstefna ríkisins .....   | 53 |
| Sóknaráætlunin Ísland 2020 .....   | 54 |
| Hugmyndir um stoðkerfi og samráðsvettvang menningar og atvinnulífs (ferðaþjónustu) ..... | 56 |
| Fyrirmynd 1. Hafrannsóknastofnun .....   | 57 |
| Fyrirmynd 2. Matvælastofnun .....  | 59 |
| Fyrirmynd 3. Matís ohf. .....  | 59 |
| Fyrirmynd 4. Biopol .....  | 61 |
| Fyrirmynd 5. Skapandi greinar .....  | 61 |
| Að lokum .....   | 63 |

## Inngangur og samantekt

Greinargerð þessi er unnin að frumkvæði Dr.phil. Láru Magnúsardóttur sérfræðings við HÍ og forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra en hún hefur unnið að því undanfarin þrjú ár að kanna möguleika Rannsóknasetursins á því að verða sá vettvangur samstarfsverkefna Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni, sem því er ætlað. Rannsóknasvið setursins er sagnfræði og því hefur starfsumhverfi sögu- og menningartengdra verkefna verið kannað með sérstakri áherslu á samskipti og stuðning rannsóknasamfélags í þeim tilvikum sem menningararfi er miðlað.

Flest menningartengd verkefni á landsbyggðinni eru háð ferðamönnum og væntingum til vaxtar í ferðaþjónustu en þegar á heildina er lítið er lítill fræðilegur og faglegur stuðningur við slíka starfsemi. Við þessar aðstæður skapast hætta á að fjármunir til menningarverkefna taki í auknum mæli mið af markaðssjónarmiðum sem geti þá orðið mun ríkari mótunarþáttur í menningarþróun en menningartengdir hagsmunir.

Ástæður þessa liggja ekki síst í því að stjórnendur menningarmála hafa ekki brugðist við breyttum aðstæðum með sjónarmið menningarlífs að leiðarljósi en það hefur orðið þess valdandi að stjórnsýsla og stoðstofnanir hafa ekki þekkingu innanborðs til þess að móta stefnu sem verði til þess að eðlileg þróun verði í miðlun menningararfs á landsbyggðinni. Þetta er ekki einsdæmi, enda stríða önnur lönd við sama vandamál. Með greinargerðinni fylgir útdráttur á íslensku sem Rannsóknasetrið lét vinna upp úr leiðarvísi sem gefinn var út á vegum Evrópusambandsins á árinu 2011 þar sem hvatt er til að menningar- hug-, og félagsvísindum og listsköpun verði fundinn staður í stefnumótun fyrir þróun í dreifðum byggðum og lagt til að hluti þeirra fjármuna sem nú þegar eru settir í stefnumótun svæða verði notaðir til þess að móta langtímamarkmið og þar verði sérstök áhersla lögð á að þar innanborðs verði fulltrúar menningarmála.<sup>1</sup>

Greinargerð þessi er hugsuð sem hvatning og hugvekja til þess að menningartengd ferðaþjónusta verði skilgreind sérstaklega út frá menningu og að menningarmálaráðuneytið leggi sitt af mörkum til þess að efla þátt menningarrannsókna í uppbyggingu starfsgreinarinnar sem er í senn gömul en birtist æ oftari í nýjum búningi.<sup>2</sup> Menningartengd ferðaþjónusta hefur sérstöðu í menningarlífinu vegna þess hve sterk tengsl hún hefur við atvinnulíf og rekstur en

---

<sup>1</sup>Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf)

Vísað er í útdrátt í ísl. þýðingu í fylgiskjali

<sup>2</sup> Rétt er að geta þess að höfundar ákváðu ráðast ekki í of miklar skilgreiningar og nota hér hugtakið „menningartengd ferðaþjónusta“ til einföldunar þótt það sé umdeilanlegt.

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

mikilvægt er að leitað sé leiða til þess að farvegur til samvinnu allra aðila verði fundinn í greininni.

Ferðaðþjónustutenging menningarfyribæra þarf ekki að vera ógn við menningu, í henni geta legið ný tækifæri til að efla söguvitund og menningarlíf. Sömuleiðis þurfa betri vinnubrögð ekki að kosta meiri fjármuni. Hvatt er til þess að ráðamenn leggi sitt af mörkum til þess að nota það tækifæri sem felst í ferðaðþjónustuuppbyggingu til þess að efla menningarlíf í landinu.

Um allan heim hafa þeir sem starfa að menningarmálum þurft að glíma við það undanfarna áratugi að tungutak stjórn mála og stjórnsýslu hefur í æ ríkara mæli verið tekið úr viðskiptaheiminum og það fært yfir á menningu. Í þessari greinargerð er lagt til að lögð verði vinna í að skapa tungutak fyrir stjórnsýslu til þess að takast á við menningarmál sem taki mið af eðli málaflokksins. Á hinn bóginn er hér einnig gerð tilraun til þess að kanna menningu sem auðlind, meðal annars til þess að auðvelda samanburð á því hvernig málaflokkurinn er meðhöndlaður í hugtakakerfi opinberrar stjórnsýslu í samanburði við aðra þætti atvinnulífsins sem byggja á auðlindanýtingu.

Hér er ekki leitast við að svara spurningum heldur að varpa þeim fram og sýna fram á að mörgu er ósvarað en að það sé sannarlega þess virði að skapa forsendur til þess að halda sífellt áfram að reyna að komast til botns í málum sem engan enda hafa.

Sá vöxtur sem orðið hefur á ferðaðþjónustu á undanförunum árum er vísbending um að miklar breytingar hafi orðið og séu væntanlegar í atvinnulífi Íslendinga. Engum blandast hugur um að mikil viðskipta- og atvinnutækifæri liggja á þessu sviði og fyrirhugað er að auka vægi ferðaðþjónustu sem atvinnuskapandi og gjaldeyrisaflandi greinar. Það þýðir að ferðaðþjónusta hlýtur að skapa stóran sess í stefnumótun yfirvalda á næstu árum, hvort sem er á landsvísu eða heima í héraði. Af því leiðir að fjármunum verður beint í verkefni sem lúta að henni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er hvatt til að láta sig varða ferðaðþjónustumál vegna þess hve tengsl ferðaðþjónustu og menningar eru miklum mun sterkari en í öðrum greinum atvinnulífs. Þar má fyrst telja að ferðaðþjónusta stendur að talsverðum hluta á menningarlegum grunni og er unnin á menningarlegum forsendum. Hér er átt við starfsemi safna, setra og hvers kyns sýninga sem miðla sögu eða menningarefni, auk annarra menningarverkefna á landsbyggðinni sem vísa má til sem „menningatengdrar ferðaðþjónustu“. Sýnt er að menningartengdum verkefnum í tengslum við hana haldi áfram að fjölga, en þau eru nú þegar orðin fjölmörg. Í öðru lagi sýnir sagan að nýir atvinnuhættir eru ávísun á víðtækar menningarlegar breytingar. Þegar svo mikill vöxtur er framundan í einni atvinnugrein eins og nú

er í ferðþjónustu þarf að gera ráð fyrir að áhrifin verði ekki aðeins félagsleg og hagræn heldur komi þau einnig sterklega fram á menningarsviðinu. Eðlilegt er að stjórnvöld láti sig málið varða og að stjórnsýsla og menningarstofnanir taki mið af því við almenna þekkingaröflun, miðlun og stefnumótun.

Eins og málum er háttað er menningarlegri hlið þessara breytinga hvergi fylgt eftir með skipulögðum hætti vegna þess að samkvæmt gildandi skilningi eru ferðþjónustumál eingöngu viðfangsefni þeirra sem ráða stefnumótun varðandi atvinnulífið. Engin menningarleg markmið eða stefnumótun hefur heldur komið fram varðandi málaflökkinn og hann er ókannaður og óskilgreindur. Sú ábyrgð hlýtur þó að liggja hjá þeim sem fara með opinbera stefnumótun í menningarmálum.

Fram að þessu hefur stærstur hluti opinbers stuðnings við ferðþjónustu hins vegar farið fram á forsendum „atvinnulífs“, markaðsstarfs og tækniþróunar með bein hagvaxtarsjónarmið í huga. Styrkir eru flestir verkefnatengdir og ráðgjöf tekur til rekstrar eða tækni enda er ferðþjónusta atvinnustarfsemi sem hefur nýlega verið skilgreind sem útflutningsgrein. Sá fjöldi menningartengdra verkefna, bæði innan og utan fyrirtækja og stofnana sem hefur verið komið á fót undanfarin ár stendur að miklu leyti utan við þá þróun sem er í ferðamálaflökknum og möguleikar þeirra á þróun eru skertir. Hið sama gildir um flest þau menningarverkefni sem hafa verið starfandi um áratuga skeið, svo sem minjasöfn og menningarminjasöfn þar sem óljóst er hvort þeim er ætlað að standa undir sér í rekstri, skila arði og hvaða menningarhlutverki þau eigi að gegna. Þetta getur þýtt að erfitt muni reynast að viðhalda því sem fyrir er, svo ekki sé minnst á vöxt á menningarsviði. Flest bendir til þess að þetta fyrirkomulag sé hvorki hagstætt menningu né menningartengdum ferðþjónustuverkefnum.

Greinargerðin var í vinnslu allt árið 2012 en á því ári hefur margt breyst sem varðar málaflökkinn. Nýjar sóknaráætlanir liggja fyrir ásamt endurbættri löggjöf og frumvarpi til þingsályktunar um opinbera menningarstefnu. Þá liggur raunar einnig fyrir safnastefna á sviði þjóðminjavörslu frá 2010 sem kom fyrst út árið 2003.<sup>3</sup> Safnastefnan er einsdæmi á þessu sviði hér á landi og færa má rök fyrir því að skortur á sambærilegri stefnu á öðrum tengdum sviðum hafi tafið fyrir því að sú efling samvinnu “safna við ferðþjónustu, menntastofnanir og fræðasetur” sem þar er tíunduð, hafi náð nokkrum hæðum.<sup>4</sup> Sumar af þeim breytingum sem hér hafa verið nefndar eiga rætur sínar að rekja til athugasemda í skýrslu ríkisendurskoðunar frá

<sup>3</sup> *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003 - 2008*, Menntamálaráðuneytið, júní 2003, sótt 12. janúar 2013 á <http://www.thjodminjasafn.is/media/safnid/Safnastefna-2003-2008.pdf>

<sup>4</sup> *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2010 - 2014*, Þjóðminjasafnið, 2011, sótt 12. janúar 2013 á <http://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Safnastefna-a-svidi-thjodminjavorslu-fyrir-arin-2010-2014.pdf>, bls. 18.

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

2009.<sup>5</sup> Úr henni mátti lesa að fjármagni hefði verið veitt til verkefna á tilviljanakenndan hátt en sú gagnrýni er einnig vísbending um að ekki liggi fyrir nægilega faglegur grunnur við úthlutun styrkja. Sömuleiðis bendir slík gagnrýni til að aðgreining verkefna eftir markmiðum sé ekki nægilega skýr. Hvorki menningarstefna, sóknaráætlanir né aðrar breytingar sem hafa verið gerðar eða standa fyrir dyrum beinast að þeirri rót vandans, að menning og menningararfur er á mörgum sviðum sem skarast á mismunandi vegu.

Brýnt er að sá nýi grundvöllur sem verið er að leggja verði vel kynntur og nýttur til þess að markmiðin sem búa að baki honum náist. Þegar litið er til allrar þessarar starfsemi með það í huga að þessum málaflokki þeim er í auknum mæli ætlað að starfa á ferðaþjónustumarkaði verður ljóst að hagsmunir þeirra og starfssvið skarast oft. Vinna þarf frekari greiningu því sviði svo það starf sem unnið hefur verið beri árangur. Verkefni um menningarmiðlun á landsbyggðinni, sérstaklega þau sem snúa að „menningararfi“ verða að njóta nýrrar stefnu með markvissri eftirfylgni sem þarf að beinast jafnt að stjórnsýslu, styrkjasjóðum, stoðstofnunum og sveitarfélögum sem að starfseminni sjálfri.

Viðfangsefni greinargerðarinnar er samhengi menningar og ferðaþjónustu og snýst annars vegar um mikilvægi þess að hafa skilning á menningarlegum þáttum sem fylgja breytingum á atvinnuvegum en hins vegar snýr hún að hagnýtari þáttum, svo sem stefnumótun um stuðning við menningartengd verkefni. Áherslan er þó á menningu og menningarlíf. Í greinargerðinni er sérstök áhersla lögð á starfsemi á landsbyggðinni enda eru aðstæður þar með öðrum hætti en í Reykjavík, en gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu ferðaþjónustu um allt land – og hún er raunar þegar hafin. Enn fremur tekur umræðuefnið sérstakt mið af starfsemi sem er haldið úti í þeim tilgangi að viðhalda og miðla menningu eða er rekin í atvinnuskyni en hún verður ekki aðskilin frá menningarlífi hvers svæðis fyrir sig.

Tækifærin sem liggja í vexti ferðaþjónustu eru ekki aðeins hagræn. Hér er gengið út frá þeirri hugmynd að í ferðaþjónustu felist tækifæri til þess að efla menningarstarf og menningarlíf og þannig megi sameina menningarleg og hagræn markmið. Hægt er að nýta betur þá peninga sem nú þegar er varið til verkefna sem hafa þann tilgang að miðla menningu og með því að brúa bilið sem er milli þeirra og atvinnutengdra menningarverkefna er hægt að stórefla menningarstarf og menningarlíf. Fjölbreytt og lifandi menningarlíf er meira aðlaðandi fyrir

---

<sup>5</sup> *Íslensk muna og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé.* Skýrsla til Alþingis, Ríkisendurskoðun, maí 2009, sótt 12. janúar 2013 á [http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Skyrsla\\_um\\_safnamal.pdf](http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Skyrsla_um_safnamal.pdf)

aðkomumenn en uppstillingar sem hafa verið sérstaklega útbúnar handa þeim og hvort sem litið er á málin frá sjónarhóli „atvinnulífs“ eða „menningar“ eru hagsmunaaðilar málsins íbúar landsins.

Fyrir nokkru var gefinn út leiðarvísir á vegum Evrópusambandsins um þátttöku háskóla og hlutverk rannsóknastarfs í nýsköpun og svæðaþróun<sup>6</sup>. Þar er sérstaklega fjallað um hversu takmarkað hlutverk hugvísindi hafi haft í þeim málaflokki fram að þessu og er það talið til boga. Þetta er nýjung. Í *Leiðarvísi* þessum er stungið upp á því að hluti þeirra fjármuna sem veitt er til byggðaðróunar verði settur í sérstaka sjóði sem hafa það markmið til að líta heildrænt á málefni svæða og lögð verði áhersla á að nýta krafta hugvísinda, félagsvísinda og skapandi greina, sem hingað til hafa verið vannýttir. Í þessari greinargerð er tekið undir þetta sjónarmið. Sérstaklega má benda á að ekki er verið að fara fram á sérstök ný fjárframlög til málaflokksins – heldur að áherslum verði breytt á þann veg að sé að menning og huglæg lífsgæði fái betur notið sín. Þar sem leiðarvísirinn er í nokkuð löngu máli og á erlendu máli lét Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra útbúa útdrátt á íslensku sem fylgir með þessari greinargerð (sjá fylgiskjal). Það er gert til þess að vekja athygli á því að í nágrannalöndum okkar hefur verið unnin mikil vinna og lagðar hafa verið fram tillögur að verklagi sem vert er að kynna rækilega og hafa til viðmiðunar.

Þar sem menningarmál heyrir undir menningarmálaráðuneytið og menning er í sífellt meira mæli viðurkenndur þáttur í fjölbreyttu avinnulífi er mælt með því að ferðaþjónustuuppbygging í landinu verði ekki látin liggja einvörðungu í atvinnuvegaráðuneyti. Hér er lagt til að menningarmálaráðuneytið vinni að því að skapa vettvang fyrir stefnumótun sem hefði það að markmiði takast á við flóknar spurningar um tengsl atvinnulífs og menningar og að nýta fjármuni betur en nú er gert til að efla hvers konar menningarverkefni á landsbyggðinni. Til þess þarf að taka afstöðu til samhengis og samskipta sem varða stjórnvöld, stjórnsýslu, rekstrarform, stjórnunarábyrgð og tengsl menningarverkefna við atvinnulíf. Það er þó innihaldið sem er „skjólstæðingur“ ráðuneytisins; sjálf menningin sem skiptir grundvallarmáli.

---

<sup>6</sup>Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf)  
Vísað er í útdrátt í ísl. þýðingu í fylgiskjali,





---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Greinargerð þessi skiptist í tvo hluta og ritar Lára Magnúsardóttir fyrri hlutann og Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar hinn síðari. Báðir hlutarnir eru byggðir á virku samtali og samstarfi þeirra beggja allt árið 2012.

Fyrri hlutinn er lýsing á ástandi málaflokks án þess að höfð sé til hliðsjónar formleg greining á honum, enda er hún ekki til og biðjum við lesendur að virða okkur það til vorkunnar. Greinargerð þessari er hvorki ætlað að vera tæmandi úttekt né gagnrýni, heldur hvatning til þess að tekið verði skipulega á málaflokki sem stendur ótraustum fótum, en varðar bæði atvinnu manna, menningarlæsi og menningarlíf og benda á að í honum liggja tækifæri, meðal annars á sviði safnastafs, minjavörslu og ferðaþjónustu.

Í síðari hlutanum vekur Sólveig Ólafsdóttir upp spurningar og varpar ljósi á möguleika sem skapast við það að til séu rannsóknastofnanir sem sinna undirstöðu og framgangi tiltekinna atvinnugreina. Með því að skilgreina menningararf sem þá auðlind sem menningartengd ferðaþjónusta vinnur vöru sína úr verður ljóst að margir möguleikar eru fyrir hendi um það hvaða hlutverki slíkar stofnanir og fyrirtæki geta gengt, hvort sem þau starfa á opinberum forsendum eða ekki.

## Fyrri hluti. Menning í menningarverkefnum.–Lára Magnúsdóttir

### Menningartengd ferðaþjónusta

Á landsbyggðinni eru starfrækt mörg söfn, setur og fyrirtæki sem miðla menningu og menningararfi. Þessi verkefni eru allt frá minjasöfnum eða setrum með ýmiskonar menningar-, rannsóknar- og/eða markaðstilgang til einkafyrirtækja sem miðla sögulegu eða öðru menningarefni. Öll reiða þau sig á gestakomur, miðlunin fer að mestu fram á staðnum, þótt einnig séu framleiddar vörur, sem gjarnan hafa upplýsingar- og fræðslugildi.

Menningarverkefni úti á landi eru flest litlar rekstrareiningar með einum starfsmanni, eða færri, og ætla má að stór hluti þeirra stundi sitt miðlunarstarf aðeins að sumarlagi. Framtíðarstarf þeirra allra er í auknum mæli bundið vonum um tekjuaukningu af fjölgun ferðamanna.

Eignarhald og rekstrarform er með mismunandi hætti, allt frá því að eigendur séu leifar gamalla héraðsnefnda eða sveitarfélaga, til þess að vera sjálfseignarstofnanir eða í einkaeign og rekstri en flest hafa þau verið styrkt af menningar- og vaxtarsamningum eða með öðrum opinberum styrkjum. Upphaflegur tilgangur verkefnanna og rekstrargrundvöllur þeirra er því sömuleiðis mjög mismunandi en langflest eru þó rekin fyrir opinbert fé eða háð styrkjum úr stoðkerfi á einn eð annan hátt. Um söfn gilda þó sérstök lög og ný safnalög tóku gildi 1. janúar 2013 sem gera ráð fyrir skýrari verkaskiptingu og aðgreiningu þeirra eftir fræðasviðum.<sup>7</sup> Sömuleiðis er gert ráð fyrir eftirliti með starfi þeirra og samkvæmt safnastefnunni er stefnt að sameiningu og samvinu fámennra eininga í burðugri söfn.

Heima í héraði ríkir þó almennt sá skilningur að ferðaþjónustubóndi sem hefur sett upp sögulegt verkefni sé kollegi safnastarfsmanna og að þeim hópi tilheyri einnig verkefnis- eða framkvæmdastjóri seturs sem sveitarfélag hefur sett á laggirnar um ímynd sína og markmaðsmál.

Verkefni af því tagi sem hér eru til umræðu starfa á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu eða menningarferðaþjónustu. Það sem þau eiga sameiginlegt er að sýsla með menningararf og miðla honum. Hægt væri að segja að menningararfur og saga sé efniviðurinn sem „varan“ er unnin úr. Menningararfur er þá hráefnið – auðlindin – en úr honum er búin til sýning, kynningarefni, kort, eða hvaðeina sem selt er gestum. Jafnframt miðla verkefni þekkingu, skilningi og sýn á sögu og menningu landsins, hafa áhrif á listsköpun og geta orðið miðlæg í menningarstarfi á sínu svæði. Þau hafa með starfi sínu áhrif á söguskilning, menningarlíf og sjálfsmynd heimamanna og Íslendinga allra.

---

<sup>7</sup> Safnalög, sjá <http://www.althingi.is/altext/139/s/1981.html>

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Flestir gera sér eitthvað í hugarlund þegar minnst er á menningartengda ferðaþjónustu en þegar betur er að gáð kemur í ljós að ekki liggur fyrir sérstakur skilningur eða skilgreining hjá ráðamönnum og stjórnslu um þessa vaxandi grein menningarstarfs. Slíkur skilningur skiptir þó miklu máli vegna þess að fjármagn rennur nú til slíkra verkefna án þess að nægilegt tillit sé tekið til þeirra menningarlegu áhrifa sem það kann að hafa. Þetta veldur því að möguleikar til þess að efla menningarstarf í landinu eru vannýttir og það kemur niður á gæðum verkefna og takmarkar möguleika til vaxtar í ferðaþjónustu. Sýnt er að menningartengd verkefni miðast í ríkara mæli við ferðaþjónustu, ný verkefni hafa orðið til og fyrirséð er að þeim muni fjölga. Málið varðar því einnig beinlínis lífsviðurværi manna.

### ***Svæðisbundinn vöxtur***

Eins og málum er nú háttáð er nánast ómögulegt að sækja heildstæðar upplýsingar um málefni sem varða menningu og ferðaþjónustu á landsbyggðinni, stoðstofnanir sinna málaflokknum ekki sem heitið getur, sveitarstjórnir hafa ekki forsendur til að sjá möguleika og samvinnufletir eru fáir milli greina. Niðurstaða höfunda er að samhengi menningarrannsókna og ákvarðana um menningarmál sé takmarkað þótt líklegt sé að grunnforsendur til þess að ná tökum á málaflokknum séu nýting sérfræðipækningar á menningarmálum á sama hátt og eðlilegt þykir í öðrum málaflokkum.

Á undanförnum árum hefur æ ríkari áhersla verið lögð á klasastarf til byggðaðróunar og uppbyggingar atvinnulífs. Klasahugtakið byggist á þeirri hugmynd að einkaaðilar, hið opinbera og rannsóknasamfélag geti unnið saman án þess að brjóta samkeppnisreglur. Þá eru hagsmunir skilgreindir eftir svæðum og samvinna hópa sem myndaðir eru af þessum þremur aðilum leggja sitt af mörkum í skipulögðu og metnaðarfullu samstarfi til þess að ná fram tilteknum markmiðum sem eiga að koma sér vel fyrir svæðið í heild. Vaxtarsamningar og menningarsamningar sem veita svæðisbundna styrki eru birtingarmynd þessarar aðferðafræði, sem hefur unnið á víða um heim og er til dæmis undirstaða byggðaðróunarverkefna á flestum Vesturlöndum; safnastefnan hvetur einnig til slíkra vinnubragða, sem og nýju safnalögin.<sup>8</sup>

Afraksturinn virðist að mörgu leyti lofa góðu og ýmsir klasar hafa verið settir á fót. En samkvæmt hugmyndafræðinni hentar klasastarf litlum og meðalstórum fyrirtækjum og raunin

---

<sup>8</sup> Sjá ítarlegri greiningu á klasasamstarfi byggðu á svokölluðum þekkingarþríhyrningi í seinni hluta greinargerðarinnar.

hefur orðið sú að menningartengd ferðaþjónustuverkefni eru sjaldséðir fuglar í klasastarfi og enginn klasi er til sem byggður er sérstaklega í kringum þá grein. Sennilega eru slík verkefni að jafnaði talin of veikburða til þess að taka þátt í eða leggja til þá vinnu og það fé með sér sem til þarf, enda þurfa allir að leggja fram sinn skerf í klasastarfi.

Óvíst er hins vegar hvort skilningur á „klasahugsuninni“ sé almennur og ekki hefur orðið vart við að hún hafi verið sérstaklega kennd þótt ætlast sé til þess að aðferðafræði hennar sé beitt. Nokkuð skortir á að klasahugmyndin sé almennt lögð til grundvallar í ný- og umsköpun í atvinnulífi. Til þess að geta byggt upp samstarf á þann hátt sem yfirvöld leggja til og sótt um styrki sem standast þær kröfur sem gerðar eru til styrkumsókna í vaxtarsamningssjóði, svo dæmi sé nefnt, þarf að þekkja hugmyndafræðina. Hún snýst um að sameiginleg markmiðasetning fyrir svæði komi fyrirtækjunum að gagni og er allólík þeim hugmyndum sem flestir þekkja. Til þess að kynnast henni þarf að lesa langlokur á erlendum tungumálum sem fólk þarf sjálft að finna. Sveitastjórnir sem fulltrúar eigenda, hafa ekki tekið af skarið og lagt til það fé eða aðra aðstoð sem þarf til þess að menningarverkefni geti nýtt þessa leið til þess að byggja upp sitt starf innan þessarar aðferðafræði svo um muni. Þegar stærri aðilar á vinnumarkaði halda fræðslufundi um slík málefni fer það framhjá litlum menningarverkefnum vegna þess að þau eru ekki þátttakendur í „atvinnulífinu“. Menningarverkefni á landsbyggðinni eru föst í þeim vítahring að hafa hvorki fjármagn né aðstöðu til að vera með en geta ekki aflað fjár nema vera með. Sóknaráætlun landshluta sem nú hefur tekið gildi opnar ný tækifæri á þessu sviði en til þess að hún beri árangur þurfa ráðamenn að vera meðvitaðir um veikleika verkefna sem byggja á menningu.

### ***Hlutverk háskóla í svæðisbundnum vexti***

Á meðan þessi greinargerð var í vinnslu gaf Evrópusambandið út *Leiðarvísir* um þátt háskóla í svæðisbundnum vexti (*Connecting Universities to Regional Growth*)<sup>9</sup> sem áður hefur verið vikið að. Þessi *Leiðarvísir* varpar ljósi á að fleiri en Íslendingar eiga við sama vanda að etja. Í *Leiðarvísinum* er miðað við sóknaráætlun fram til ársins 2020 þar sem gert er ráð fyrir því að klasahugmyndafræði sé áfram beitt til að ná fram nýbreytni í atvinnulífi og bættum lífskjörum í dreifðum byggðum en í *Leiðarvísinum* er sérstök áhersla lögð á virka þátttöku háskóla og fræðasamfélags.

Hér er hvatt til þess að *Leiðarvísir* þessi verði notaður hér á landi sem fyrsta skref í þá átt að ná betri tókum á málefnum menningarverkefna og menningartengdrar ferðaþjónustu í dreifðum

---

<sup>9</sup>Hér er vísað til *Leiðarvísins* á heimasíðu The Regional Studies blog vegna þess að þar er einnig að finna umræður um svæðaþróun. „Connecting Universities to Regional Growth“, 23. desember 2011, *The Regional Studies blog*, sótt, 15. desember 2012 á <http://www.thersablog.com/2011/12/connecting-universities-to-regional.html>

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

byggðum landsins. Í honum er gerð grein fyrir því sem hefur gengið vel í öðrum löndum en jafnframt gerðar tillögur að nýbreytni sem sýnt þykir að fari betur en eldri aðferðir. Sýnt er með dæmum hvernig háskólar geta haft áhrif innan svæða, bent á úrræði sem hafa reynst vel, lýst þeim atriðum sem geta verið hvatar eða hindranir í árangursríku starfi og bent á leiðir sem auka líkur á styrkjum frá alþjóðlegum áætlunum og verkefnasjóðum. *Leiðarvísirinn* gerir ráð fyrir því að háskólar taki þátt í stefnumótun fyrir svæði. Bent er á að fram að þessu hafi of mikil áhersla verið lögð á að unnin séu afmörkuð verkefni og lagt er til að í staðinn verði sjónum beint að langtímaáætlunum og unnið að þeim með stigskiptri nálgun. Þar kemur fram að háskólar hafi sýnt góðan árangur á jaðarsvæðum og ítrekað að háskólarnir hagnist sjálfir af því að vinna í slíkum verkefnum.

### ***Inn með hugvísindi!***

Auk ofangreindrar áherslubreytingar hvað varðar afmörkuð eða langtímaverkefni heyrir til tíðinda að í leiðarvísinum er eindregið lagt til að fallið sé frá þeirri stefnu sem ríkt hefur og einblínir á tækni- og viðskiptaleg verkefni. Þess í stað er stungið upp á að setja hluta þeirra fjármuna sem veitt er til byggðapróunar í sérstaka sjóði sem hafa það markmið til að líta heildrænt á málefni svæðanna og lögð verði áhersla á að nýta krafta hugvísinda, félagsvísinda og skapandi greina, sem hingað til hafa verið vannýttir. Þar segir í íslenskri þýðingu:

Enn fremur hefur ráðandi viðmið snúið að tækniþróunum, sem veldur því að lítið hefur verið fram hjá þeim möguleikum sem felast í framlagi lista, hugvísinda og félagsvísinda til svæðisbundinnar þróunar og nýsköpunar. Jafnvel hafa orðfæri og innviðir nýsköpunar hneigst að forsendum vísinda og tækni (t.d. hafa margir háskólar yfir að ráða aðstöðu til tækniþróunar og miðlunar). Mörg þeirra dæma sem notuð eru til að vekja athygli á tilteknum atriðum í þessum leiðbeiningum, bera keim af þessu ráðandi viðhorfi. Ráðamenn ættu því að íhuga að slík viðhorf kunni að verða véfengd þegar tímar líða og stefna að því að hafa aðila sem koma að nýsköpun með óhefðbundnum hætti með í ráðum í framtíðinni. Almennir háskólar hafa að öllum líkindum meginhlutverki að gegna í félagslegri og efnahagslegri þróun nærsvæðisins. Þeir eru mikilvægar „eignir“ samfélagsins, og jafnvel enn frekar á jaðarsvæðum þar sem einkageirinn er veikburða eða hlutfallslega lítill og lítið er um rannsóknir og þróunarvinnu. Árangursrík virkjun innri styrks háskóla kann að hafa ótrúlega góð áhrif á svæðisbundin hagkerfi og árangur fjölþættrar byggðastefnu. Til þess að virkja háskólana með skilvirkum hætti verða stjórnvöld að gera sér grein fyrir því hvers vegna háskólar geta orðið mikilvægir þátttakendur í byggðarþróun. Fyrir hendi eru ýmis úrræði sem styðja þátttöku þeirra, og er þegar farið að beita mörgum þeirra. Innan heildarstefnumörkunarinnar er það hins vegar stefnumótandi samræming þeirra sem hefur mest áhrif.<sup>10</sup>

<sup>10</sup>Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf). Vísað er í útdrátt á bls. 9 í ísl. þýðingu í fylgiskjali.

Markmið af þessu tagi miðast við stórar einingar – svæði. Á Íslandi er hægt að heimfæra hugmyndina á landshluta og svo landið í heild. Þótt klasahugmyndin sé ekki splunkuný er áherslan sem lögð er á þátttöku og nýtingu hugvísinda og lista á hinn bóginn gerbreyping sem vert er að taka strax til athugunar. Það þarf að kynna hana og kenna sem gæti flýtt mjög fyrir því að skilningur á mikilvægi þess að stefnumótun fari fram með hagsmunum svæða að leiðarljósi í stað þess að sveitarfélög líti hvert á annað sem stríðandi aðila. Það hlýtur að koma í hlut stjórnvalda og opinberra stofnana að hafa frumkvæði að því að veita upplýsingum til þeirra sem ætlað er að nýta sér þær og er þá átt við sveitarstjórnir jafnt og aðra. Um leið skapast tækifæri til þess að spyrja um hlutverk háskóla og ábyrgð þeirra. Í málefnum menningartengdrar ferðapjónustu er spurningin ekki óviðkomandi þeim rannsóknastofnunum sem hafa menningu að viðfangsefni.

Þessi leiðarvísir sýnir að í nágrannalöndum okkar hefur verið lögð vinna í að greina það vandamál sem hér er fjallað um og niðurstaðan er sú að rannsóknastarf og þekking á sviði hugvísinda hafi verið vannýtt. Það skýrir hvers vegna skilningur og skilgreiningar liggja ekki fyrir á sviði menningartengdrar ferðapjónustu; þeir sem starfa við menningarlegar skilgreiningar hafa ekki komið að málaflokknum.

Í leiðarvísinum eru lagðar til aðferðir til þess að takast á við vandann og reyna nýja starfshætti. Spara má bæði tíma og peninga með því að nýta þær niðurstöður sem koma fram í honum og gildir það hvort heldur Ísland kys aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Hins vegar fer ekki milli mála að ef Ísland fylgir ekki þeirri þróun sem á sér stað í þekkingarleit, vinnubrögðum og aðferðafræði sem tíðkast í erlendum verkefnum og akademískum rannsóknum þá munu Íslendingar heldur ekki geta uppfyllt þær kröfur sem ella gætu fært þeim styrki, þátttöku í samvinnuverkefnum og annað sem fer fram á stærri skala en gerist heima í héraði.

Það er stærri breyting en menn kunna að gera sér grein fyrir í fljótu bragði að ætla hugvísindum hlut í málum sem tengjast atvinnu og þróun á dreifðum svæðum. Í ofangreindum leiðarvísi segir:

Mikilvægt er, að menn geri sér grein fyrir því að á veginum kunna að verða flóknar hindranir og krefjandi viðfangsefni, sem sigrast verður á, bæði innan háskólanna og almennt í þjóðfélaginu. Svo fremi sem stjórnvöld og hagsmunaaðilar á svæðinu gera sér grein fyrir lögmálum, starfsreglum og hindrunum og hvernig unnt er að sigrast á þeim, er möguleikinn á framlagi háskólanna nær takmarkalaus. Að ná slíkum árangri er langtímamarkmið sem útheimtir stigskipta nálgun. Þar er þróunin frá einföldum verkefnum til æ samþættari samstarfsáætlana.<sup>11</sup>

---

<sup>11</sup>Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf). Vísað er í útdrátt á bls. 10 í ísl. þýðingu í fylgiskjali.



---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Þótt leiðbeiningarnar snúist um það hvers nærsvæðið kann að geta „aflað“ frá háskólum sínum, ber að hafa í huga að um er að ræða tvíhliða ferli. Háskólinn hagnast líka af tilvist sinni á svæðinu. Háskólar ættu að meta mikils og gera sem mest úr þeim möguleikum sem nærsvæðið hefur upp á að bjóða, ekki síst sem „lifandi rannsóknasetur“<sup>12</sup> fyrir rannsóknir sínar.

Þegar biðlað er til stjórnvalda er yfirleitt spurt um peninga. Því er ástæða til að ítreka þrennt sem þegar hefur verið sagt. Í fyrsta lagi eru menningartengd verkefni á landsbyggðinni staðreynd og í þau er nú þegar veitt peningum og í öðru lagi liggja talsverðar fjárfestingar í þeim, margar áratuga gamlar. Hér er því ekki kallað eftir miklu viðbótarfjármagni, heldur að unnið verði að því að nýta betur það sem nú þegar fyrir hendi í kerfinu. Í þriðja lagi eru líkur til þess að sú bót sem fælist í því að vinna markvissar á sviðinu skilaði ekki aðeins menningarlegum arði heldur einnig fjárhagslegum. Áhersla menningarráðuneytisins væri þó ávallt á menninguna sjálfa.

---

<sup>12</sup> Sama heimild, bls. 5.

## Hvað er menning?

Hér er hvatt til þess að ráðuneytið stuðli að því að hugtakið „menning“ og önnur sem því tengjast verði skilgreind fyrir stjórnarsýsluna til þess að skapa sameiginlegt tungumál fyrir þá sem starfa að og í menningarmálum. Það sem tengist menningartengdri ferðaþjónustu félli þar undir, ekki síst það sem heyrir undir menningararf því menningartengd ferðaþjónusta leitast mjög við að miðla honum.

### *Hugtakið menning*

Í greinargerð þessari er hugtakinu „menningu“ sérstaklega beint að þeim skapandi tilgangi að rannsaka, skýra eða miðla huglægum og menningarlegum hlutum og afurðum. Þannig er hugtakið menning til dæmis ekki notað hér yfir það að maður smíði bát, en ef unnin er rannsókn á bátasmíði, haldin sýning á bátum, skrifaðar bækur eða ort ljóð um bát, gerðar myndir eða upplýsingum um bátasmíði í fortíð eða samtíð miðlað á sýningu, með dansi, námskeiði eða á einhvern annan hátt, þá telst það menning í þeirri merkingu sem hér er um fjallað. Menning er í eðli sínu nær óskilgreinanleg því í henni felst sköpun og hún getur því tekið á sig ófyrirsjáanlegar myndir. Í stuttu máli má segja að menning sé í senn ávallt gömul og ný, erlend og innlend, almenn og sértæk, áþreifanleg og óáþreifanleg (hlutbundin og óhlutbundin) en umfram allt lifandi, skapandi, gleðjandi, menntandi og veki til umhugsunar

Á þessari undirstöðu hvílir það sem í daglegu tali gengur undir heitinu menningararfur, menningarverðmæti og þjóðmenning og það sem af því leiðir. Undir það falla til dæmis saga, bókmenntir, íslensk tunga og menningarminjar, en einnig allt það sem gert er í samtímanum og er unnið upp úr heimildum, eða öðrum gögnum sem falla undir skilgreininguna „menningararf“. Þessi afmörkum hugtaksins miðast við að „menningartengd ferðaþjónusta“ einkennist öðru fremur af hugmyndum um miðlun „menningararfs“. Varðveisla, rannsóknir og fagleg umsýsla er ein af forendum þess að hægt sé að miðla honum áfram og í samhengi.

Menning er víðtækari en svo að um hana gildi ein lög, ein skilgreining eða að hagsmunum tengdum henni verði haldið til haga með einu hugtaki eða einum félagsskap. Hér er því þó haldið fram að víðtæk merking hugtaksins menning geri það að verkum að yfirvöldum og öðrum reynist erfitt að halda utan um málaflokka sem hafa menningarlegt inntak og því sé eftirsóknarvert að stjórnarsýslan skilgreini hugtakið – og önnur sem því tengjast – vandlega, en opið, með það að markmiði að skerpa á vinnubrögðum. Skilgreiningin á ekki að miða að því að skilgreina hugtakið til almennrar notkunar, heldur að útbúa tæki til að skerpa samtal og bæta vinnubrögð hins opinbera gagnvart öðrum aðilum í fræðilegu samhengi hvers tíma. Með þessu



## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

mótast stefna stjórnvalda á menningarlegum forsendum en ekki eingöngu út frá skilgreindum þörfum ferðaþjónustunnar. Nú hillir í fyrsta skipti undir að ríkið móti sér menningarstefnu.<sup>13</sup> Um hana er rætt meira í síðari hluta greinargerðarinnar en með henni skapast bæði tækifæri og bein ástæða til þess að skilgreina svið og merkingu hugtaka sem stefnan á að ná yfir.

Það er ekki ofsögum sagt að svokölluð menningararfsvæðing hafi farið fram meðal þjóða heims síðustu áratuginna. Eldri hugtök um arf og erfðir, oftast tengd eignum, völdum og titlum hafa verið yfirfærð á alls kyns leifar úr fortíðinni, hvort sem þær eru bókmenntalegar, þjóðfræðilegar eða efnislegar, svo sem. íverustaðir og áhöld. Valdimar Kr. Hafstein þjóðfræðingur heldur því fram að menningararfurinn í þessari skilgreingu sé ný uppfinning og segir jafnframt að það sé „engin tilviljun hversu stutt er síðan menningararfshugtakið náði útbreiðslu. Að eiga menningararf er merki um að vera nútímamaður. Saumi maður út, glími eða kveði rímur án þess að spá nokkuð í það, þá verður hinum sama varla lýst sem nútímamanni.“<sup>14</sup>

Það er þó gömul saga og ný að með skírskotun til ákveðinna þátta í menningararfi hefur sjálfsmýnd og ímynd hópa og þjóða verið mótuð og staðfest í sameiginlegu minni. En menningararfurinn er ekki aðeins „þjóðlegur“, heldur er hann einnig það alþjóðlega samhengi sem hann tengist, sprettur úr eða hefur verið unnið úr honum með. Þar má nefna markvisst starf UNESCO og samstarf alþjóðasamfélagsins í tengslum við það sem nefnt hefur verið sameiginlegt minni mannkyns sem varðveitt er á stöðum á svokallaðri heimsminjaskrá eða hefur fengið sérstakan gaum sem mikilvægur þáttur í sameiginlegum menningararfi heimsins. Alþjóðlegt samstarf um menningararf er á könnu stjórnvalda í hverju landi fyrir sig og þar með er það þeirra að marka sér ákveðna og sértæka stefnu í samhengi við sameiginlega stefnu þeirra alþjóðasamtaka sem þau eru í samstarfi við hverju sinni.

Samkvæmt þingsályktunarfrumvarpi um menningarstefnu álíta stjórnvöld a) varðveislu og b) verndun menningararfsins mikilvægan þátt í samfélagsgerðinni. c) Rannsóknir á honum og d) miðlun hans eru taldar efla vitund um sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmýnd landsmanna. Íslensk tunga er talin ríkur þáttur í þeirri sjálfsmýnd samkvæmt menningarstefnufrögunum.<sup>15</sup> Við þetta má þó bæta að eðlilegt væri að gert væri ráð fyrir menningu í skilgreiningunni. Hér virðist áherslan á verndun og samfélagslegar afleiðingar skipta meira máli en sköpun og

<sup>13</sup> Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu, <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0199.pdf>

<sup>14</sup> Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum.“ *Frá endurskoðun til upplausnar: Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Ritstjórar Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon, Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían, Reykjavík 2006.

<sup>15</sup> Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu, <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0199.pdf>

menningarlegt mikilvægi. Sömu leiðis er óljóst hvað er átt við með sjálfsmynd og ætla mætti að miðlun sé eitthvað eitt, einfalt og skiljanlegt – en svo er ekki í raun.

### ***Aðilar menningararfs***

Frá sjónarhóli þeirra sem stjórna, heyra gögn um íslenska sögu, tungumál og annað sem geymir minningu um menningarlíf á landinu undir málaflokkinn „menningararfur“. Mikilvægi þess að varðveita, vernda, rannsaka og miðla slíkum gögnum er almennt viðurkennt og málaflokkurinn styrktur af stjórnvöldum. Grunnur þessarar viðurkenningar er gildi menningar í sjálfu sér. Einnig er það talin ein af undirstöðum afskipta stjórnvalda að sambærileg sköpun sé stöðug: „Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Listir og menning styrkja þekkingarleit og nýsköpun í samfélaginu.“<sup>16</sup>

Menningararfurinn, þ.e. gögnin sem er safnað um hann eru varðveitt af opinberum stofnunum eins og Þjóðminjasafni og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og þaðan er rannsóknarniðurstöðum miðlað.<sup>17</sup> Jafnframt eru rannsóknir á þessum efniviði stundaðar í háskólum og af sjálfstætt starfandi fræðimönnum. Rannsóknarniðurstöðum ofangreindra aðila er sjaldnast miðlað til almennings; þeirra sem þurfa eða kynnu að vilja njóta, læra, skapa eða nýta sér þekkinguna og miðla henni með enn öðrum hætti, til dæmis í kvikmyndagerð eða til þess að setja upp sýningu eða útbúa kennslufni eða kynningarefni fyrir ferðamenn. Þótt þessi svið tengist er um margvíslegt starf að ræða sem þarfnast mismunandi umgjörðar, þótt allt sé þetta menningarstarf og snúist um menningararf.

Í þessari hugmynd um menningararf felst hringrás sem verður til í starfi fólks sem vinnur ákaflega mismunandi starf. Listamaðurinn getur ekki án handritasérfræðingsins verið, sem reiðir sig jafnt á málfræðinginn, sagnfræðinginn, forvörðinn og skjalavörðinn. Njála væri ef til vill óþekkt ef ekki væri fyrir fræðastarfið og enginn myndi þekkja söguna um Fjalla-Eyvind nema fyrir 100 ára gamalt leikrit sem skrifað var upp úr frumheimildum sem safnað var með skipulögðum hætti og varðveitt í skjóli stjórnvalda. Ljóðin úr leikritinu kunna allir landsmenn enn og fáar sögur hafa skapað jafnmörg menningartengd ferðaþjónustuverkefni og einmitt þessi saga.<sup>18</sup>

---

<sup>16</sup> Sama heimild.

<sup>17</sup> Aðrar menningarstofnanir og vörsluaðilar menningararfs, s.s. skjalasöfn, listasöfn, ríkisútvarp og þjóðleikhús eru ekki taldar hér enda miðast umfjöllunin sérstaklega við frummiðlun menningararfs og rannsóknir á honum. Rétt er að taka fram þessar stofnanir ásamt starfi listamanna eru samt sem áður meðal þeirra sem leggja grunn að menningarlífi og starfi í landinu.

<sup>18</sup> Bæði munnlegar og skriflegar heimildir um Eyvind og Höllu hafa legið til grundvallar þjóðsögum og skáldskap sem síðan liggur til grundvallar ýmsum menningartengdum ferðaþjónustuverkefnum allt frá upplýsingaskiltum til veitingastaða.

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Í listum, sköpun og þekkingarleit er alltaf eitthvað óvænt – það sem ekki er hægt að segja frá áður en það verður til. Það sem fellur ekki undir neinn ramma og hefur ekki þann tilgang að stuðla að „nýsköpun“ eða „umsköpun“. Hið óvænta fellur utan skilgreindra afskipta stjórnvalda, en því verður þó varla neitað að skilyrðin sem þau móta skipta samt sem áður máli enda segir í drögum að menningarstefnu að stjórnvöld telji það “hlutverk sitt í menningarlífinu að styðja við fjölbreytni og veita skjól fyrir sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningar.”<sup>19</sup>

Skjólíð er sannarlega nauðsynlegt en stjórnvöld þurfa að hafa leið til þess að styrkja og styðja við menningu með mismunandi hætti þar sem gert er ráð fyrir því hversu margslungin menning og menningararfur eru. Til þess er nauðsynlegt að sífellt sé tekist á við það flókna verkefni að eiga tungumál til þess að tala um menningu og mismunandi þætti hennar. Þótt menningartengd ferðaþjónusta sé aðeins einn þáttur er hún jafnraunveruleg og hinir.

Með samræmdri hugtakanotkun í stjórnsýslu yrðu til forsendur til þess að skapa samræðu og samstarfsvettvang fyrir þá aðila sem hafa áhuga og skyldur til þess að starfa með menningararf. Sömuleiðis myndi það auka möguleika á því að til yrðu forsvarsaðilar fyrir menningartengda ferðaþjónustu en eins og málum er nú háttáð er það slíku starfi fjötur um fót að hafa hvorki fulltrúa né aðila sem hægt er að leita til um upplýsingar, ráðgjöf eða samvinnu. Vegna þess að menningartengd starfsemi þarf að vera frjáls og stendur á grunni sem er ekki arðbær hafa lítil menningarverkefni úti á landi hvorki haft nægilegt bolmagn til þess að hafa frumkvæði að því að endurnýja þennan samræðugrunn né möguleika á að miðla þekkingu til þeirrar starfsemi – eða hver hefur umboð til að gera það?

Það kemur í hlut stjórnvalda að eiga þetta frumkvæði. Um þessar mundir eiga sér stað ýmsar breytingar sem geta haft mikið gildi fyrir menningartengda ferðaþjónustu sem atvinnugrein, en ekki síður fyrir menningarstarf í landinu. Má þar aftur nefna sóknaráætlun landshluta, ný safnalög, safnastefnu og menningarstefnu, svo nokkuð sé nefnt. Í þessu felast tækifæri til endurnýjunar og endurskoðunar en til þess að af því verði það gagn sem vonir standa til þarf að gera gangskör að því að kanna möguleikana og kynna nýja hugsun í byggðum landsins.

### ***Hugvísindi***

Eins og áður hefur komið fram er „menning“ þær afurðir mannsins sem eru huglægar að uppruna, merkingu eða eðli og allt sem heyrir undir menningu í þessum skilningi á það sameiginlegt að fræðilega fellur það undir hugvísindaleg/húmanísk rannsóknarviðfangsefni. Frá öðru sjónarmiði eru hugvísindagreinar stuðningsgreinar listsköpunar, bókmennta, tungumála, og

---

<sup>19</sup> Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu, <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0199.pdf>

hverskonar huglægra verka, það er menningar. Tilgangur með kennslu hugvísindagreina og rannsókna á sviðinu er að þjálfa fólk til þess að greina og lýsa samskiptum manna og þjóða, hugmyndum, tilfinningum, þjóðfélögum og hverju því sem verður til í huga mannsins, er tjáð og fær merkingu, er framkvæmt og breytist í tímans rás. Hugvísindi leggja til tungumálið – hugtökin – til þess að tala um manninn og það sem hann skapar, nefnilega menninguna.

Í hugvísindum er fengist jafnt við hið smæsta sem hið stærsta og allt þar á milli en þar er tungumálið oftast miðlægt vegna þess að það er tjáningartæki mannsins. Eins og efnafræðingur gætir þess að rétt sé farið með reikningsformúlur leitast hugvísindamenn við að beita hugtökum af nákvæmni. Í hugvísindum er því fengist við þjóðfélagsgreiningu til jafns við ljóðagreiningu. Þau eru því til þess fallin að öðlast yfirsýn yfir heild og enn fremur leggja til hugtök og samhengi til þess að ræða þjóðfélagsmál með þeim hætti sem gerist í öðrum löndum á hverjum tíma. Starf vísindamannsins er að safna saman og viðhalda þekkingu, miðla henni og skapa nýja á sínu rannsóknasviði.

Margir hugvísindamenn fást við rannsóknir sem tengjast ferðaþjónustu beint frá mjög mismunandi sjónarhornum, sem varða bæði verkefni, uppbyggingu, áhrif á menningu og svo mætti lengi telja. Meðal þessara fræðimanna og nemenda þeirra er því til mikil þekking sem varðar sviðin sem hér er fjallað um; tengsl menningar og ferðaþjónustu og menningartengda ferðaþjónustu. Hugvísindi eiga því erindi við greiningu á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, sköpun og ráðgjöf á ýmsum stigum.

Það þarf þó að horfast í augu við það að nokkur tregða er í samskiptum fræðaheimsins og atvinnulífsins sem tefur fyrir samvinnu þar sem hún ætti þó við. Þetta varpar sennilega nokkru ljósi á þann vanda sem fyrir hendi er þegar kemur að því að reka „menningarfyrtæki“.

Verkefni hugvísindamanna eru hins vegar, eins og annarra vísindamanna, að takast á við flóknar spurningar. Þeir geta því lagt sitt af mörkum við að finna leiðir til þess að leiða saman atvinnu og menningarlíf án þess að gengið sé á það frelsi sem bæði akademíu og menningarlífi er nauðsynlegt. Til þess að hægt sé að krefjast frumkvæðis frá hugvísindum á formlegan hátt á þarf þó að vera til þess farvegur.



---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

### **Rannsóknasetur í hugvísindum**

Haustið 2009 var Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra sett á laggirnar. Viðfangsefni þess er sagnfræði af því tagi sem beinir rannsóknum að mannum og huglægum afurðum hans. Setrið er því kennt við húmanísk fræði, öðru nafni hugvísindi sem eru „menningarlegar“ fræðigreinar. Í þau þrjú ár sem setrið hefur starfað hefur verið leitast við að skapa fræðilegan vettvang fyrir menningartengda ferðaþjónustu og menningarverkefni á landsbyggðinni og er greinargerð þessi m.a. afrakstur af þeirri vinnu.

Setrið hefur ekki á að skipa mannafla eða fjármunum til þess að vinna fullnægjandi úttekt á málefnum menningarverkefna á landsbyggðinni. Ljóst er hins vegar orðið að ekki var heldur til að dreifa embættum eða félagsskap sem leita mætti til um faglegar upplýsingar um sviðið. Því er farin sú leið hér að lýsa aðstæðum eftir því sem þær birtust í ferlinu.

### ***Rannsóknasetur HÍ taka þátt í samstarfi***

Þegar undirrituð tók til starfa sem forstöðumaður nýs Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi var eitt af fyrstu verkunum að leita að samstarfsaðilum á svæðinu. Var það bæði í samræmi við verklýsingu setursins og byggt á reynslu þeirra rannsóknasetra sem Háskólinn hafði áður komið á fót. Setrið heyrir undir Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands sem rekur faglega sjálfstæðar einingar á nokkrum stöðum á landinu. Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur samstarfsverkefna Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Rannsóknasvið hvers seturs er fyrirfram skilgreint; setur Suðurlands fæst til dæmis við rannsóknir á landnýtingarmálum á breiðum grunni, við setrið á Húsavík eru stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum, einkum hvölum og verksvið setursins á Snæfellsnesi er skilgreint út frá náttúru Snæfellsness og Breiðafjarðar. Allir forstöðumenn hafa sérmenntun í líf- og náttúruvísindum nema undirritaður forstöðumaður Rannsóknasetursins á Norðurlandi vestra sem er sagnfræðingur.

Áður en Rannsóknasetrið á Norðurlandi vestra var sett á fót áttu Rannsóknasetur Háskólans það sameiginlegt að þegar þau tóku til starfa lá ljóst fyrir að tiltekin fyrirtæki og stofnanir yrðu faglegir samstarfsaðilar þeirra þótt annað samstarf ætti eftir að vinnast með tímanum. Þar má til dæmis nefna að náttúrustofur eru starfræktar í öllum landshlutum, en starfsemi þeirra skarast að hluta við rannsóknasetrin og þannig geta þessar stofnanir bætt hver aðra upp. Í sumum tilvikum starfa setrin í samvinnu við þjóðgarða eða einkafyrirtæki sem vinna úr eða með náttúruauðlindir

og geta notið góðs af þeirri þekkingu sem er innanborðs í setrinu í tengslum þess við vísindastarf. Hér má nefna sem dæmi að Rannsóknasetrið á Snæfellsnesi starfar að jafnaði með fjórum öðrum náttúrutengdum stofnunum á svæðinu; Náttúrustofu Vesturlands, útibúi Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík, Vör – sjávarrannsóknasetri við Breiðafjörð og Þjóðgarðinum Snæfellsjökli en allar eru þessar stofnanir reknar á fræðilegum grunni þar sem gerðar eru kröfur til starfsmanna til samræmis við það og/eða þau starfa undir hatti stofnunar sem rekin er með sambærilegum væntingum.

Rannsóknasetrin á landsbyggðinni hafa reynst góð leið til þess að gefa stúdentum, hvort sem er íslenskum eða erlendum, tækifæri til þess að stunda rannsóknatengda vinnu þar sem viðfangsefni þeirra er, þ.e. náttúran sjálf. Fyrir setrin er mikill fengur að stúdentunum enda teljast lokaritgerðir og birtingar greina sem unnar hafa verið í samhengi við setrið að hluta til með rannsóknarafurðum setursins.

### ***Mörg menningarverkefni***

Fljótlega kom í ljós að um Rannsóknasetrið á Norðurlandi vestra gilda önnur lögmál en hin setrin en það helgast af því að viðfangsefni setursins er hugvísindalegt. Með önnur rannsóknasetur HÍ að fyrirmynd lagði ég mig í upphafi eftir því að finna samstarfsaðila í hvers konar stofnunum, fyrirtækjum og verkefnum sem starfa á sambærilegu sviði, þ.e. hægt væri að tengja sögu og menningu í sem víðustum skilningi. Starf setursins hefur því meðal annars snúist um að afla upplýsinga um starfsumhverfi og finna samstarfsaðila á svæðinu sem og annarstaðar. Bæði hefur verið leitað eftir samstarfsaðilum í verkefni en einnig hefur verið reynt að finna leiðir til þess að setrið geti orðið stuðningur við hvers konar menningarverkefni sem gætu notið góðs af fagþekkingu, samböndum eða öðrum leiðbeiningum sem teljast mætti eðlilegt að háskólastofnun geti veitt. Í þriðja lagi var leitað leiða til þess að starfa með yfirvöldum og stoðfyrirtækjum á svæðinu.

Um auðugan garð er að gresja að því leyti að margskonar menningartengt starf er fyrir hendi á Norðurlandi vestra, eins og um land allt. Til er fjöldi safna, setra, sýninga og annarra fyrirbæra á landsbyggðinni sem hafa það markmið að miðla menningu og menningararfi til gesta, hvort sem er heimamanna eða aðkomufólks. Starfið er því oftast á einn eða annan hátt ferðaþjónustutengt að því leyti að markmið og rekstur og starf miðast að hluta við að taka á móti gestum eða að koma að markaðssetningu.

Til þess að gefa hugmynd um umfang má nefna að þegar haldin var safnahelgi á Norðurlandi vestra haustið 2012 voru þátttakendur 26 en þó er ekki ástæða til að ætla að þar sé allt upp talið. Ef gert væri ráð fyrir þeirri tölu að Rannsóknasetrinu undanskildu, og mannfjöldatölum frá 2009 er niðurstaðan sú að um 300 íbúar séu á hverja stofnun eða verkefni sem skilgreinir sig sem

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

atvinnutengt menningarverkefni á Norðurlandi vestra. Líklega er tala verkefnanna þó hærri og mannfjöldatölur heldur lægri.

### ***Menning án tengsla við menningu og fyrirtæki án tengsla við atvinnulíf***

Eftir að hafa leitað að samstarfsaðilum fyrir Rannsóknasetrið og leiðum fyrir Háskólann til að starfa faglega á menningarsviði með stofnunum, fyrirtækjum og verkefnum úti á landi sem miðla menningu og reiða sig á gestakomur varð niðurstaðan sú að ekki sé farvegur eða skilyrði fyrir hendi til þess að hægt sé að koma slíku á.

Það er stór fullyrðing að halda því fram að farveg vanti algerlega til þess að fræðastofnun geti stutt við menningarverkefni úti á landi með markvissum hætti. Það segir þó sína sögu að sá sem vill leita stuðnings við verkefni veit ekki hvert hann á að leita og alls óvíst er hvort sá sem hann finnur hefur svigrúm til að gefa af sér. Og þegar leitað er upplýsinga um menningartengda ferðaþjónustu finnast ekki upplýsingar. Engin kortlagning er til af því sviði ef undan er skilin *Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi*<sup>20</sup> og tölfræðileg úrvinnsla sem byggð er á henni og skýrsla ríkisendurskoðunar *Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé* frá 2009.<sup>21</sup> Báðar snúast þær um opinberar fjárveitingar en í hvorugri er að finna upplýsingar um faglegt starf. Að *Áfangaskýrslunni* verður komið nánar að síðar en rétt er að taka strax fram að hún aðgreinir menningarverkefni ekki frá öðrum „þekkingarverkefnum“.

Samtök um sögutengda ferðaþjónustu. hafa meðal annars það markmið að vera samráðsvettvangur og stuðla að fagmennsku í greininni.<sup>22</sup> Talsverð athafnasemi er í samtökunum og hafa þau náð fram sérstökum stuðningi hins opinbera.<sup>23</sup> Vonir eru bundnar við að það verði til þess að stuðla að „uppbyggingu á söguferðaþjónustu víða um land auk þess sem unnið verður að því að gera heildstæða ferðapakka tilbúna til markaðssetningar.“<sup>24</sup> Með stuðningi þessum hefur orðið til mikilvægur samræðuvettvangur milli ráðuneytisins og þeirra sem starfa innan vébanda samtakanna sem gera má ráð fyrir að bæti starfsumhverfi þeirra og sé framfaraspor fyrir menningartengd ferðaþjónustuverkefni og fyrirtæki. Þess ber þó að gæta að

---

<sup>20</sup> *Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi*, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, október 2010, sjá <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=A2D12EAAB1B61A6500257781004BFAE0&action=openDocument&SessionID=CUWK7R59EV>

<sup>21</sup> *Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé*. Skýrsla til Alþingis, Ríkisendurskoðun, maí 2009, sótt 12. janúar 2013 á [http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Skyrsla\\_um\\_safnamal.pdf](http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Skyrsla_um_safnamal.pdf)

<sup>22</sup> Rögnvaldur Guðmundsson, „Um samtökin“, *Söguslóðir á Íslandi*, ed, sótt 12. janúar 2013 á <http://sagatrail.is/index.php/is/um-samtoekin>

<sup>23</sup> „Samstarfssamningur um sögutengda ferðaþjónustu. Fréttatilkynning.“, *Iðnaðarráðuneytið*, ed. sótt 12. janúar 2013 á <http://www.idnadaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3033>. Sjá einnig á heimasíðu Ferðamálastofu: <http://ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/755>

<sup>24</sup> Sama heimild.

samstarfið er fyrst og fremst skilgreint út frá hagsmunum atvinnurekstrar og tryggir ekki faglega styrkingu í þróun þeirrar vöru sem samtökin kenna sig við, en þau miðla „arfleifð íslenskra miðaldabókmennta, fyrstu aldir Íslandsbyggðar og miðaldamenningu“, eins og segir í samþykktum samtakanna.<sup>25</sup> Enn fremur skiptir máli í því samhengi sem hér er rætt að starfsemi samtakanna er ekki ætlað að ná yfir hvaðeina sem gæti fallið undir „menningartengda ferðaþjónustu“. Stuðningsverkefni iðnaðar- og nú atvinnuvegaráðuneytisins miðast því við takmarkaðan hluta þeirrar starfsemi sem kalla má menningartengda ferðaþjónustu og beinist að þeim hlutum hennar sem ekki varða innihaldið sjálft, þ.e. menninguna.

Því stendur það að menningarverkefni á landsbyggðinni séu að jafnaði rekin án markvissra samskipta við akademískar rannsóknir og hafa sömuleiðis tilviljanakennd tengsl við listalíf. Þrátt fyrir yfirlýst ferðaþjónustumarkmið flestra þeirra eru sárafáir aðilar að hagsmunasamtökum fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustu eða í annars konar sambandi við „atvinnulífið“.<sup>26</sup> Þessir þrír þættir geta skipt miklu fyrir möguleika þeirra á því að auka gæði verkefna, og bæta þjónustu og rekstrargrundvöll og þessi skortur á tengslum takmarkar jafnframt möguleika þeirra til þess að stuðla að skapandi og lifandi starfi og vera þannig kjarni í menningarlífi á sínu svæði.

Þessi verkefni hafa nokkuð til síns ágætis, sum eru orðin margra áratuga gömul en flest eru þau nýlegri. Mikilvægt er að ekki fari milli mála að þessi lýsing er almenn og á henni eru undantekningar svo sem samstarf Háskólans á Hólum og Minjasafns Skagafjarðar og fleiri verkefni mætti telja þar sem Þjóðminjasafn, Árnastofnum, Háskóli Íslands, Háskólinn á Hvanneyri og Landsbókasafnið hafa átt samstarf við ýmsa aðila um ferðaþjónustuverkefni sem þessar stofnanir eiga, lögum samkvæmt, að leggja grundvöll að. Mörg verkefni hafa tekist mjög vel og þau eru til marks um að það er þess virði að vinna að því að bæta starfsumhverfi þeirra og gera öðrum kleift að læra af þeim.

Ekkert þessara verkefna hefur þó slík umsvif, yfirburðapekkingu, skyldur eða umboð að hægt sé að krefjast af því að það taki að sér leiðtoga hlutverk eða þjónustu við annað verkefni eða málaflokkinn í heild.

Fæst, ef nokkur, hafa verið sett upp án aðkomu opinberra sjóða á einn eða annan hátt og þar munar sennilega mest um styrki úr Menningar- og vaxtarsamningum á síðari árum, en einnig úr safnasjóði og aðrar styrkveitingar. Það þarf því ekki að spyrja hvort eigi að styrkja slík verkefni en mikil bót væri í því að skýra samhengi og útbúa farveg fyrir uppbyggilegt og skemmtilegt starf.

---

<sup>25</sup> „Samþykktir fyrir Samtök um sögutengda ferðaþjónustu“, Söguhlóðir á Íslandi, ed., sótt 12. janúar 2013 á <http://www.sagatrail.is/index.php/is/um-samtoekin/samtykktir>

<sup>26</sup> Sjá til dæmis lista yfir ferðaþjónustufyrirtæki sem eru í Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF), „Aðild“, Samtök ferðaþjónustunnar, ed. sótt 15. desember 2012 á <http://www.saf.is/saf/is/adild/felagar/>



## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Yfirleitt eru ekki gerðar kröfur um að forstöðumenn menningarverkefna á landsbyggðinni hafi æðri menntun og heldur ekki að menntun þeirra sé menningarlegs eðlis. Oft er slíkt réttlætt með því að próf tryggi ekki hæfni einstaklinga til sérstakra starfa og það er orð að sönnu. Hins vegar er það eðlilegt viðmið þegar farið er með opinbert fé að ráðið sé í störf eftir gegnsæju kerfi og þá hlýtur að eiga að sækjast eftir starfskrafti sem getur sýnt fram á þjálfun og reynslu á viðkomandi sviði með formlegum hætti. Undan því verður síst vikist þegar enginn skortur er á fólki með viðeigandi menntun. Rétt er að vekja athygli á því að prófgráður veita fólki aðgang að styrkjakerfi og samvinnuverkefnum, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi, sem ekki standa hinum til boða sem ekki hafa þær. Sömuleiðis eru þeir sem hafa menntað sig til slíkra starfa líklegir til þess að hafa „sambönd“ á því sviði sem verkefnunum er ætlað að starfa. Því má ætla að því hærri prófgráðu sem stjórnandi menningarverkefnis hefur á sínu sviði, því meiri líkur séu á að honum takist að efla starfsemina og auka þannig möguleika á því að fleiri njóti og nýti það sem verkefnið býður upp á.

Í þeim tilvikum sem reksturinn er á höndum opinberra aðila, s.s. sveitarstjórna er fjárframlögum hins vegar oftast haldið í lágmarki og umboð starfsmanna er gjarnan takmarkað og oft óljóst. Það stafar af því að ekki er fyrir hendi þekking hjá fulltrúum eigenda (sveitarstjórnnum) til þess að sjá möguleika í starfseminni. Stefna eigenda er því yfirleitt einfaldlega ekki fyrir hendi og stjórnir eru oftast en ekki skipaðar aðilum sem heldur ekki hafa forsendur til þess að beina starfseminni fram á við. Þegar málaflökkurinn er skoðaður út frá sjónarhóli ferðapjónustu, er einkennandi að mikill skortur er á að stjórnvöld, styrkjasjóðir og stoðkerfi greini nægilega á milli ólíkrar starfsemi, svo sem menningarsögulegs hlutverks minjasafna og verkefna sem t.d. hýsa sýningu sem þjónar þeim tilgangi að vera markaðsumgjörð fyrir atvinnurekstur. Slíkt stefnuleysi getur verið hamlandi fyrir báða aðila. Líklegt er að leita megi skýringar í því að þótt „menning“ og „menningartengd ferðapjónusta“ séu hugtök sem allir þekkja, liggur engin skilgreining á bak við þau í stjórnkerfi og stjórnsýslu.

Vegna þess að sýn er ekki fyrir hendi hjá yfirvöldum er heldur ekki boðið upp á endurmenntun eða aðra kynningu sem gæti stuðlað að því að sveitarstjórnir eða aðrir aðstandendur geti sjálfir öðlast sína sýn á mikilvægi eða möguleika í greininni. Af því getur leitt að of mikil áhersla sé á að heimamenn fái störfín sem standa til boða í geiranum í stað þess að sóst sé eftir fólki sem hefur raunverulega tækni á því að móta verkefninu stefnu, byggja upp starfsemi af því tagi sem ætlast er til að fari fram og geti verið faglegur stuðningur við starfsemi einkaaðila sem reka menningarverkefni á svæðinu. Sömuleiðis verður óljóst hvaða hlutverki styrkjasjóðir eiga að gegna gagnvart mismunandi verkefnum. Útkoman er sú að flest menningartengd verkefni á

landsbyggðinni starfa á sama plani og gildir þá einu hvort þau eru rekin af opinberum aðilum eða einkaaðilum sem og hvaða markmiðum þeim er ætlað að stefna að.

Lagaumhverfi og starfslýsingar verkefnanna eru einnig með mismunandi hætti og þess vegna er starfsemi verkefnanna ekki eins að öllu leyti. Það sem eftir stendur er þó að þau eru til og öll hafa þau skilgreint hlutverk sitt sem menningarlegt og eru því áhrifaþættir um menningarlíf og þróun þess til frambúðar. Afkoma þeirra og starfsemi skiptir því máli í menningarlegu samhengi. Í þau hafa verið lagðir fjármunir og svo verður áfram. Fullyrða má að vilji er til samvinnu og áhugi á starfinu er talsverður þótt erfitt hafi reynst að finna leiðirnar. Á það verður varla lögð nógu mikil áhersla að fjöldi manns vinnur að þessu af ástríðu.

Þó er mannhald í svo miklu lágmarki í hverju verkefni að tíðindum má sæta ef starfsmenn ná að sinna þeim verkum sem þeim eru fyrir sett en þau geta verið allt í senn, að sjá um fjármál, bókhald, menningarverkefnið sjálft, styrkumsóknir, markaðsmál, viðhald húsa og hreingerningar. Þetta á ekki síst við í þeim tilvikum sem verkefnið eru rekin fyrir almannafé. Sú fjárfesting sem sett er í hvert setur og safn er því illa nýtt að því leyti að yfirbygging yfir hálfan eða einn starfsmann má kallast óhemjudýr. Í safnastefnunni er mælt fyrir aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu starfs stofnana á tilteknum svæðum, eða hluta þeirra, s.s. faglegt utanumhald, bókhald eða annað. Það eru gildar spurningar varðandi þau verkefni sem eru í eigu opinberra aðila. Ef að líkum lætur myndi það ekki aðeins spara fé heldur mögulega bæta það starf sem þar fer fram en til þess að úr geti orðið þurfa eigendur, sem oftast en ekki eru sveitarfélög, að hafa markvissa aðkomu að málum. Skortur á þeirri aðkomu þarf að vera sérstakt athugunarefni.

Eftir því sem tíminn líður eykst hætta á að menningarverkefnið á landsbyggðinni dragist aftur úr, bæði sem menningarstofnanir og atvinnuvegur, vegna þess hve veikburða þau eru, meðal annars vegna þess hve litlar líkur eru á að þau geti tekið þátt í stórum styrkumsóknum og verkefnum sem eiga að vera til þess fallin að bæta og auðga mannlíf og menningu. Má þar til dæmis nefna ferðaþjónustuklasa sem nú er unnið að skipulagningu á og IPA styrki sem margir aðilar sóttu um í haust. Stofnun klasa í heimahéraði hefur meira að segja reynst flestum um megn. Ástæða þess er meðal annars hið litla starfshlutfall sem starfsmennirnir hafa og takmarkaðir möguleikar þeirra til að sækja ráðgjöf eða kaupa þjónustu utan að.

Samandregið má segja að menningartengdu verkefnið á landsbyggðinni séu flest ferðaþjónustutengd að hluta og heyrir því bæði undir menningu og atvinnulíf. Þau hafa þó sjaldnast tengsl við eiginlegt listalíf eða menningarrannsóknastarf og sömuleiðis lítil tengsl við svokallað „atvinnulíf“. Þetta er vítahringur sem mikilvægt er að komast út úr og þörfin á sýn, stefnumótun og stuðningi er raunveruleg en hún varðar ekki síður menningarlíf en



## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

atvinnurekstur. Þótt hverju menningarverkefninu á fætur öðru hafi verið komið á fót, að hluta til í atvinnuskyni, verður stefnuleysið til þess að sú trú rætist að menning sé „baggi á sveitarfélögum“. Ef fyrir hendi væri menningarlegur metnaður og sýn á möguleika menningarverkefna úti á landi mætti kalla fram líflegt og fræðandi starf, ef til vill eitthvað alveg nýtt, skemmtilegt og mannþætandi.

## Vannýtt þekking

Hér hefur verið sagt að „menningartengd ferðaþjónusta“ sé fyrirtækjarekstur án tengsla við atvinnulíf og menningu án tengsla við menningu. Á sama hátt má segja að þar sé um að ræða atvinnugrein án tengsla við stjórnvöld og stoðkerfi atvinnulífsins. Það kemur fram í því að hvorki eru til upplýsingar um menningartengda ferðaþjónustu eða menningarverkefni á landsbyggðinni, né heldur er fyrir hendi stoðkerfi fyrir þessa grein innan stjórnsýslunnar. Tengsl menningartengdrar ferðaþjónustu við rannsóknastarf á því sviði sem slík starfsemi snýst um eru einnig mjög takmörkuð en það á einnig við um yfirvöld og stoðstofnanir. Þetta endurspeglar ekki aðeins veika stöðu menningarmála á Íslandi heldur einnig þá stöðu sem lýst er í *Leiðarvísinum* sem Evrópusambandið gaf út, nefnilega að menningarþekking hefur almennt verið vannýtt og það kemur fram í því að þekking á sviðinu er takmörkuð.

### ***Þekkingarskortur á sviðinu***

Ráðuneytið lét vinna *Áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi* árið 2010 og í útdrætti sem birtur var sem fréttatilkynning segir:

Starfshópurinn leggur til við menningarmálaráðherra að unnið verði enn frekar úr þeim gögnum sem aflað var, sérstaklega hvað varðar samstarf og samvinnu ólíkra setra og tengsl þeirra við stofnanir á höfuðborgarsvæðinu, með það fyrir augum að veita sem mestri þekkingu sem víðast um samfélagið.<sup>27</sup>

Í stórum dráttum er greinargerð þessi undirtektir við þessi orð starfshópsins sem vann að áfangaskýrslunni, ekki síst þeirri uppástungu að veita þekkingu um samfélagið. Það hve hægt gengur að byggja upp og bæta við menningartengt starf á landsbyggðinni má hins vegar að miklu leyti kenna sambandsleysi milli stjórnvalda og akademíu, en það kemur einna skýrast fram í því hve sjaldan er gert ráð fyrir sérfræðingum úr húmanískum greinum í tengslum við stefnumótun og þróunarstarf. Fyrir því liggja margar ástæður en hér verður velt upp nokkrum atriðum til þess að varpa ljósi á stöðuna. Áfangaskýrslan um þekkingarsetur er hér notuð sem dæmi án þess að tilgangurinn sé að beina sérstaklega spjótum að henni.

Áfangaskýrslan er nefnd hér sem dæmi vegna þess að í henni er fjallað um setur úti á landi og því má nota hana til þess að varpa ljósi á orðræðu um „setramál“. Rík tilhneiging er til þess að setja undir einn hatt starfsemi sem hefur í grunninn ólík viðfangsefni og beitir þess vegna ólíkum vinnubrögum og hefur ekki að öllu leyti sams konar hagsmuni. Skýringin virðist liggja í heitinu – setur, sem hefur ekki haft sérstaka eða afmarkað merkingu þar til með nýju

<sup>27</sup> „Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi. fréttatilkynning“, *Mennta- og menningamálaráðuneytið*, 13. ágúst 2010, sótt 15. desember 2012 á

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5550>

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

safnalögunum að hugtakið er í 5. gr. notað í samhengi við „aðra safnatengda starfsemi“ og lýst svo: „Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu.“ Sumt af þeirri starfsemi sem flokkast undir menningarverkefni heyrir undir þann málaflokk.

Margir virðast telja að til sé úttekt á setramálum landsins eftir að áfangaskýrslan kom út en í raun var þessi skýrsla statistik, unnin með það að markmiði að meta fjármuni sem hið opinbera leggur í tiltekið starf en þar var ekki lagt mat á faglegt starf setranna. Hvaða tiltekna starf þarna var um að ræða er heldur ekki eins ljóst og ætla mætti.

Afmörkun viðfangsefnisins var sett saman úr tveimur hugtökum: „þekking“ og „setur“ án frekari greiningar. Þess vegna er viðfangsefni skýrslunnar allt frá því að vera háskóli með mörgum deildum til þess að vera farskóli, rannsóknasetur um fugla til þess að vera litlar sögusýningar og upplýsingarnar snerust um fjármagn og fjölda starfa. Í fréttatilkynningu dró hópurinn saman helstu niðurstöður sínar (skáletrun mín):

- Efnahags- og *menningarleg* áhrif þekkingarsetra eru umtalsverð
- Hátt í 900 manns starfa á þekkingarsetrum um land allt
- Sértekjur þekkingarsetra voru tæpir 2 milljarðar árið 2009
- Þekkingarsetur auka fjölbreytni í atvinnu- og *mannlífi*<sup>28</sup>

Þótt umtalsverð menningaráhrif þekkingarsetra séu sett fram í tveimur af fjórum liðum niðurstöðunnar voru gögnin sem unnið var úr ekki af „menningarlegum“ toga og því var matið á menningarleg áhrif ekki raunverulegt. Menningarleg umfjöllun í skýrslunni sjálfri er aðeins örfáar setningar sem eru ekki studdar með tilvísun í efni skýrslunnar sjálfrar, gögn sem hún var unnin úr eða með rökstuðningi. Samt er þessi niðurstaða rétt og hún endurspeglar þá einbeittu og almennu trú að menning skipti máli og þess vegna beita skýrsluhöfundar menningarlegum rökum fyrir mikilvægi þekkingarsetra. Sannleikurinn er þó sá að slíka niðurstöðu er hægt að undirbyggja og af henni má draga ályktanir en það verður ekki gert með tölfræði. Spurningar af þeim toga eru á hinn bóginn algengt viðfangsefni hugvísindamanna.

Það er í senn birtingarmynd og ástæða að hjá opinberum stofnunum er menningu oftast ekki skeytt við annan málaflokk, t.d. menningar- og menntamál, menningar- og ferðamál eða jafnvel íþróttir og menning sett undir sama stjórnvísinguhatt. Svo virðist sem ekki sé litið á menningu sem sérstakt fyrirbæri – jafnvel ástand – heldur sem undirflokk annarra málaflokka sem birtist helst í viðburðum, til dæmis myndlistarasýningu, leikriti eða tónleikum. Eða þá að tengsl mennta og

<sup>28</sup> Sama heimild

menningar séu sterkari innbyrðis en við aðrar skóla- og námsgreinar; sund, stærðfræði, eða sjávarútvegsfræði, svo eitthvað sé nefnt. Mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að viðurkenna menningu sem sjálfstætt viðfangsefni: Annars vegar er það menntamálaráðuneyti en hins vegar sinnir það málaflokki sem heitir menning. Hér er lagt til að menning verði skilgreind sem sérstakur flokkur viðfangsefnis stjórnvalda og stjórnýslu og undirflokkar hennar verði skilgreindir til þess að hægt verði að setja þeim markmið.

### **Takmörkuð fagþekking á menningu í stoðkerfinu**

Hópurinn sem vann Áfangaskýrsluna var skipaður forstöðumönnum stofnana sem flokkast undir „þekkingarstarfsemi“ en það voru þáverandi stjórnarformaður ReykjavíkurAkademíunnar, rektor Háskólans á Hólum, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, rektor Háskólans á Akureyri og forstöðumaður Fræðasetra (nú Rannsóknasetra) Háskóla Íslands. Af þessum fimm hefur einn fræðilegan grunn í húmanískum greinum, sem má telja eðlilegt hlutfall í hópi sem kannar jafnvíðfemt efni. Fræðilegur bakgrunnur var þó ekki ástæða þess að hugvísindamaðurinn var kallaður til verksins, heldur eingöngu það að hann gegndi framkvæmdastjóraembætti. Raunin er nefnilega sú að þrátt fyrir almenna trú á gildi menningar er menningar- eða hugvísindabekkingu sjaldan beitt í „kerfinu“, jafnvel þegar umfjöllunarefnið er menningarlegs eðlis. Það heyrir til undantekninga ef hugvísindamenn eru kallaðir í nefndir að þessu tagi.

Þegar stoðstofnanir við atvinnulíf eru skoðaðar kemur í ljós að í Impru og Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem hafa þann tilgang að hvetja til „nýsköpunar og efl[a] framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi“<sup>29</sup>, er enginn starfsmaður með fræðilega menntun á sviði hugvísinda.<sup>30</sup> Í atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni er ekki lögð áhersla á að til sé þekking starfsmanna á menningarsviðinu og þótt Byggðastofnun hafi menningarlegar skyldur er þar engin deild eða starfsmenn sem hafa það hlutverk að gæta menningarlegra hagsmuna<sup>31</sup>. Því geta þeir sem vilja skapa menningarverkefni ekki leitað til þessara stoðstofnana með fyrirspurnir um sviðið, hvorki hvað varðar faglega ráðgjöf um verkefni eða yfirsýn.

Starfsmenn menningarráða eru líklegri til að hafa menntun á sviði menningarmála, en það er ekki alltaf skilyrði fyrir ráðningu. Hvergi eru þó gerðar sérstakar kröfur um að starfsmenn menningarráða hafi til að bera sérstaka þjálfun í menningargreiningu eða mótun menningarlegra

---

<sup>29</sup> „Um okkur“, *Nýsköpunarmiðstöð Ísland*, ed. , sótt 15. desember 2012 á <http://www.nmi.is/um-okkur/starfsmenn/>

<sup>30</sup> Sama heimild

<sup>31</sup> „Um Byggðastofnun“, *Byggðastofnun*, ed. , sótt 15. desember 2012 á <http://www.byggdastofnun.is/is/um-byggdastofnun>

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

verkefna og ritun styrkumsókna af því tagi sem stúdentar fá á síðari stigum náms, þ.e. í meistara- og doktorsnámi.

Það er því ekki einungis svo að stjórnsýslan sé illa til þess fallin að veita ráðgjöf og þjónustu til menningarverkefna, heldur verður hún beinlínis af þekkingu, reynslu og samböndum sem talsverðu hefur verið kostað til og er til þess fallið að unnið sé með sömu vinnubrögðum og gert er í öðrum löndum þar sem best lætur. Það gildir nefnilega sama í menningarmálum og í verkfræði, að vinnubrögð, hugtök og tæki eru í sífelldri endurnýjun og líkurnar á því að taka þátt í alþjóðlegu starfi aukast eftir því sem hæfni starfsfólksins er meiri. Á sama tíma er því fólki sem hefur menntað sig til menningarstarfa ekki boðin þau störf í stjórnsýslunni þar sem menntun þess kæmi að gagni. Á þessu fólki er enginn skortur, fjölmargir hafa góða menntun og þekkingu í húanískum fræðum og margir þeirra væru vel til þess fallnir að taka þátt í hvers konar menningarlegu stefnumótunarstarfi, aðstoð við mótun verkefna, svo ekki sé minnst á undirbyggingu á opinberri ímyndarsköpun og vörumerkjapróun.<sup>32</sup>

### ***Rannsóknasvið – fræðimenn***

Til þess að ákveða hvaða menntunarkröfur skuli gera til starfsfólks þarf að liggja fyrir skilningur á því hvaða verk það á að vinna. Ef litið er til þess rannsókn- og háskólastarfs sem unnið er í samhengi við ferðamál kemur í ljós að hin nýja grein ferðamálafræði er kennd víða og að á Akureyri er enn fremur Rannsóknamiðstöð ferðamála. Enginn sérfræðingur með doktorsgráðu í húanískum fræðum starfar á ofangreindum póstum og ekki er gert ráð fyrir hugvísindalegum fræðasviðum þar. Rannsóknirnar tengjast hagfræði, rekstri, landfræði, umhverfisfræði, náttúrufræði og ýmsum öðrum þáttum sem stýrt er af fræðimönnum úr viðkomandi greinum. Við Háskólann á Bifröst er þó kennd menningarstjórnun til MA-gráðu og í Háskóla Íslands er kennd hagnýt menningarmiðlun til MA gráðu. Þessar deildir útskrifa fólk sem starfar oft við menningartengd verkefni. Þess utan er safnafræði kennd við Háskóla Íslands. Flestar ef ekki allar þessar greinar eru að þróast í átt til sífellt meiri samfellu og samhengis þvert á hefðbunda skiptingu á milli fræðgreina.

Við Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á svið hugvísinda sem tengjast breyttu þjóðfélagi, markaðsmálum og ferðapjónustu. Margir fræðimenn starfa auk þess sjálfstætt að rannsóknum

<sup>32</sup> Á heimsíðu Íslandsstofu kemur fram að svið markaðsrannsókna „hefur það hlutverk að efla orðspor Íslands og ímynd erlendis, skapa áhuga á landinu sem áfangastað og auka eftirspurn eftir öllu því sem íslenskt er. Eitt af meginverkefnum markaðssóknar er að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi í þágu íslenskrar ferðapjónustu. Íslandsstofa sér einnig um framkvæmd markaðsverkefnanna Inspired by Iceland og Ísland allt árið.“ „Landkynning“, *Íslandsstofa*, ed., sótt 6. janúar 2013 af <http://www.islandsstofa.is/landkynning>

sem hafa gildi fyrir sviðið en eins og áður hefur verið sagt eru hvorki fyrir hendi skilyrði til að miðla þeim rannsóknum til yfirvalda né þeirra sem hefðu áhuga á að nýta sér þekkinguna til verkefnasköpunar.

Margir fræðimenn starfa sjálfstætt á sviði hugvísinda í landinu. ReykjavíkurAkademían er sérstakur vettvangur fyrir sjálfstætt starfandi vísindafólk í menningar- hug, og félagsvísindum og innan hennar eru margir sem hafa sérstakan áhuga á þróun ferðamála, menningarmiðlarar og aðrir sem hafa komið að menningarverkefnum um land allt.

Opinberar stofnanir sem sinna rannsóknum á menningararfi sem tengjast þessum málaflokkum eru Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þjóðminjasafnið. Árnastofnun miðlar gögnum stofnunarinnar með útgáfu og á rafrænu formi, gefur út rannsóknarrit, heldur utan um alþjóðlegt starf af ýmsu tagi, kennslu og kynningar, auk fjölmargra annarra verkefna sem hér er ekki hægt að telja. Það starf sem fer fram innan Stofnunar Árna Magnússonar og varðar skilning og rannsóknir á gögnum hennar hefur að mestu átt sér stað innan fræðasamfélagsins, en samkvæmt nýjum árangursstjórnunarsamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis er aukin áhersla lögð á samstarf við stofnanir og „fræðasetur og söfn um allt land; fyrirtæki á sviði útgáfu, upplýsingatækni, afþreyingar, ferðaþjónustu og menningarmiðlunar; [...] En síðast en ekki síst að vera í öflugu samstarfi við almenning í landinu“.<sup>33</sup> Stofnunin hefur hins vegar ekki sérstakar boðleiðir eða ákveðnar skyldur til þess að miðla rannsóknaniðurstöðum sem varða söguskilning eða annan menningarskilning til almennings eða fyrirtækja.

Þjóðminjasafnið hefur mikil tengsl við landsbyggðina, bæði vegna þjóðminja sem þar eru, m.a. húsín í húsasafni Þjóðminjasafnsins en sömuleiðis í samhengi við safnastarf og miðlar nú þegar talsverðri þekkingu og ráðgjöf sem snertir ofangreint svið. Þjóðminjasafnið gegnir hlutverki höfuðsafns á sviði menningarminja skv. ákvæðum safnalaga.<sup>34</sup> Það er leiðandi á sviði safnastarfs á landsvísu og mótar safnastefnu á sínu sviði.

Einnig má nefna einstök verkefni sem hafa verið unnin í samstarfi við starfsmenn stofnananna. Flest bendir til að áhugi sé fyrir hendi á því að stuðla að markvissara miðlunarstarfi stofnananna um menningarsögulegt efni enda er miðlun eitt grunnhlutverka safnsins í samhengi við varðveislu og rannsóknir.

Viðfangsefni menningarminjasafna landsins er söfnun, varðveisla, rannsóknir og skráning menningarminja ásamt miðlun. Starfsemi þeirra er með afar mismunandi hætti enda hefur sérhæfing safna aukist mjög á liðnum áratugum samhliða verkaskiptingu og fjölgun safna. Í sumum þeirra eru rannsóknir stundaðar umfram grunnstarfið eins og lög gera ráð fyrir og þau

<sup>33</sup> „Samningur við Árnastofnun“, *Mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 19. desember 2012, sótt 12. janúar 2013 á <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7306>

<sup>34</sup> Safnalög, sjá <http://www.althingi.is/altext/139/s/1981.html>



---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

hafa stuðlað að samvinnuverkefnum við stofnanir og fræðimenn. Í öðrum fer lítið faglegt starf fram vegna fjárskorts en mikilvægt er að sameina fámennar einingar svo söfnin verði burðugri til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu og hljóta viðurkenningu. Hinn 1. janúar 2013 tóku gildi ný safnalög sem munu vera hvetjandi til faglegs starfs sem og eiga að leiða til aðgerða af hálfu eigenda safnanna. Skiptir þá nokkru að þeim verði fylgt markvisst eftir.

Það sem skiptir máli í þessu samhengi er að mikið starf er unnið og þekking er fyrir hendi og einnig sýna mörg ágæt verkefni að möguleikar eru talsverðir. Hins vegar hefur engin þeirra stofnana þar sem haldið er utan um menningararf og rannsóknir á honum sérstaka deild eða skyldur til þess að halda utan um málaflokka á borð við menningartengd verkefni sem rekin eru utan þeirra, hvorki hvað varðar ráðgjöf, tengslamyndun, útgáfu né yfirsýn. Það er ekki á þeirra borði að hafa frumkvæði að endurmenntun eða annarri upplýsingaveitu.

Undanfarin þrjú ár hefur það verið stefna Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra að byggja setrið upp sem stuðningsaðila og miðil milli fræða og verkefna sem miðla menningararfi á landsbyggðinni, sem jafnframt gæti miðlað upplýsingum til stjórnvalda. Upphaflega var stefnt á að þjóna Norðurlandi vestra sérstaklega en eftir nánari athugun varð niðurstaðan sú að út frá sjónarmiðum fræðanna sé ekkert sem réttlætir að einskorða viðfangsefnið við eitt svæði. Niðurstaða þeirrar tilraunar hefur orðið sú að forsendur til þess séu furðulega litlar vegna þess hve dreifður menningararfurinn er og óskilgreindur í kerfinu. Á hinn bóginn hefur sú tilraun orðið til þess að varpa ljósi á málaflokk menningarverkefna á landsbyggðinni með nýjum hætti eins og sést meðal annars á þessari greinargerð.

Hér er varpað fram þeirri hugmynd að bót væri að því að tengsl menningar og ferðaþjónustu á landsbyggðinni væru meðhöndluð sem sérstakur málaflokkur og að honum verði fundinn skýrari vettvangur í kerfinu. Þótt vakin sé athygli á vanda sem málaflokkurinn stendur frammi fyrir er því ekki haldið fram að lausn vandans felist í því að vista málaflokkinn inni í stofnunum á borð við Þjóðminjasafn eða Árnastofnun vegna þess að skyldur slíkra stofnana liggja á víðtækara menningarlegu sviði. Betur færi að til yrði sérstakur og vel skilgreindur milliliður.

## Fagþekking

Hér hefur verið bent á að fagþekking á sviði menningar – þ.e. rannsóknir og sérþekking fræðimanna á sviði hugvísinda og menningar sé vannýtt í kerfinu, að ekki sé farvegur til að miðla henni, ekki sé gert ráð fyrir henni í stjórnsýslu, stoðkerfi eða í stefnumótun og að leiðirnar milli akademíu og almennings séu sömuleiðis grýttar.

Þó ber að fara gætilega þegar kemur að „faglegu“ starfi vegna þess að menning er í eðli sínu ekki fagleg, raunar þvert á móti. Hér er ef til vill komið að kjarna vandamálsins; að nauðsynlegt er að sköpun sé frjáls og að hver sem er setji mark sitt á menninguna án þess að gerðar séu kröfur um prófgráður. Að sama skapi eiga rannsóknir að vera frjálsar og óháðar atvinnulífinu. Það má þó ekki koma í veg fyrir að fólk sem hefur menntað sig á hugvísindaviði fái störf eða að þekking þess sé nýtt. Sömuleiðis á það ekki að koma í veg fyrir að stjórnvöld nýti fræðilega þekkingu til greiningar og stefnumótunar. Hér er um að ræða stórmál sem nauðsynlegt er að yfirvöld taki afstöðu til, því annars er hættu á því að fjárstreymi til menningar í framtíðinni fari að of miklu leyti fram á byggðapólitískum- og markaðsforsendum. Í stjórnsýslu gilda önnur lögmál en til dæmis í listsköpun, þar sem „fagmennska“ verður ekki mæld. Stjórnsýslu svipar til rannsóknastarfs í háskólum að því leyti að þar er eðlilegt að opinber viðmið eins og prófgráður skipi sess í vali á starfsfólki.

Fagmennska á að vera í rannsóknum, í söfnun og varðveislu sem og miðlun. Mikilvægt er að gæta að samhengi þessara þátta til að tryggja gæði. Þannig eigi miðlun að byggja á faglegri þekkingu og fræðilegum forsendum. Rannsóknir eru undirstaða kennslu, viðhalds þekkingar og aukinnar þekkingar. Þær eru samhengi við aðrar þjóðir og aðgangur að þekkingu. Rannsóknir eru mikilvægar til þess að eiga tæki til þess að tala um hlutina, takast á við erfiðar spurningar, leggja til efni fyrir stefnumótun o.s.frv. Menningarrannsóknir eru mótvægi við markaðsöflin en ekki óvinur þeirra.

### ***Skapandi greinar – hætta og fyrirmynd***

Á umliðnum árum hefur orðið til nýtt hugtak sem stjórnsýslan hefur tekið upp: „skapandi greinar“<sup>35</sup>. Hugtakið er afrakstur markvissrar upplýsingaöflunar og starfs hagsmunahóps sem samanstendur af fólki sem hefur hönnun og hvers konar listsköpun að atvinnu. Það þýðir að það býr til vöru sem það selur á markaði. Starfið hefur falist í því að safna upplýsingum sem sýna

---

<sup>35</sup> Eins og kemur fram hjá Viðskiptafræðistofnun Háskólans eru „skapandi greinar íslensk þýðing á hugtakinu Creative industries, sem í grófum dráttum vísar til þeirrar atvinnu eða iðngreina sem byggja á hinum hefðbundnum listgreinum.“, „Skapandi greinar“, Viðskiptafræðistofnun, ed, sótt 12. janúar 2013 á [http://ibr.hi.is/hvad\\_eru\\_skapandi\\_greinar](http://ibr.hi.is/hvad_eru_skapandi_greinar).

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

fram á að skapandi greinar séu marktækur hluti efnahags- og viðskiptalífs landsins í þeim tilgangi að afmarka hóp – eða starfsgreinar – sem eðlilegt sé að njóti sömu kjara og hafi sömu aðkomu að ákvörðunum, markaðsstarfi og stoðkerfi og aðrar starfsgreinar. Ástæða þess að farið var í þetta starf var sú óljósa staða sem hafði fylgt þessum greinum, nefnilega að vera af menningarlegum toga og falla þess vegna utan við kerfið.

Nánar verður fjallað um skapandi greinar sem fyrirmynd í síðari hluta greinargerðarinnar en rétt er að benda á að þó að þetta starf sé að mörgu leyti til fyrirmyndar og hafi nú þegar borið töluverðan árangur skapast hins vegar sú hætta að „kerfið“ telji að þar með hafi menning hlotið sinn sess. Svo er alls ekki því um er að ræða afmarkaðan hagsmunahóp inni í „menningargeiranum“, en þar eru hagsmunir allt annars eðlis en hagsmunir annarra hópa sem starfa og lifa á menningarlegu sviði – og hagsmunir menningarinnar. Hættan felst í því að „kerfið“ þykist hafa fengið aðgang að fulltrúa menningarlífsins og leiti aðeins til hans um ráð og upplýsingar um menningartengd málefni. Þessa gætir nú þegar í menningarstefnunni sem lögð hefur verið fram en þar segir: „Stuðningur stjórnvalda snýr einkum að starfsemi atvinnumanna á sviði lista og að varðveislu og miðlun menningararfs“.<sup>36</sup> Með því að tiltaka „atvinnumenn á sviði lista“ virðist lagður grundvöllur að þeirri áherslu sem er á „faglegt“ starf í menningarstefnunni. Það markast af jafnvel enn þrengri hagsmunum en viðskiptalegum því að þá verða styrkveitingar til sköpunar í auknum mæli miðaðar við menntun og prófgráður og einskorðast enn frekar við afmörkuð „verkefni“. Það getur orðið til þess að útiloka þá sem vinna að sköpun á öðrum forsendum en þeim sem falla undir skilgreininguna „skapandi greinar“.

Þeir sem starfa í menningu, skapa hana og njóta hennar mynda ekki einn hóp og eiga ekki að gera það. Í menningarstefnu þarf að taka tillit til þess en til þess að það sé hægt verður að skilgreina hvað fellur undir hugtakið „menning“ og útbúa tungumál eða tungutak til þess að tala um málið. Skapandi greinar eru gott dæmi um mikilvægi þess og má taka það verk til fyrirmyndar. Aðalatriðið er að gæta þess að skapandi greinar eru aðeins einn þáttur í menningarlífi þjóðar – hina þættina þarf einnig að þekkja. Miðlun menningar og menningararfs á landsbyggðinni er annar hluti af menningarlífi þjóðarinnar og þótt hvorugt segi alla söguna eru báðir hlutar mikilvægir.

<sup>36</sup> „Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu“, sótt á <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0199.pdf> Svipaðrar tilhneigingar gætir í eftirfarandi tilvitnun: „Hugtakið „skapandi greinar“ er nýtt í atvinnuálagmræðunni en því er ætlað að halda utan um nokkuð vítt svið atvinnuvega, s.s. menningar- og náttúruarfleifið, sviðslistir og hátíðahöld, sjónræna list og handverk, bækur og fjölmiðlun, hljóð-, mynd- og gagnvirka miðla, hönnun og skapandi þjónustugreinar.“, „Ályktun um atvinnuálag“, Sjálfstæðisflokkurinn, ed, sótt 12. janúar 2013 á <http://www.xd.is/media/xd/landsfundur-2011/alyktanir/Atvinnuálag-samthykkt-pdf.pdf>

## ***Miðlun er miðlægt vandamál***

Ein af meginniðurstöðum könnunar minnar á starfsumhverfi menningartengdra verkefna úti á landi er að það valdi talsverðum vandkvæðum að hugtakið „miðlun“ er óskýrt. Það kemur fram í því að almennt er ekki greint á milli þeirra ólíku þátta sem miðlað er. Miðlun rannsóknarniðurstöðu innan fræðasamfélags er þannig afar ólík því verki að sýna menningarsögulegar minjar, sem aftur er gerólikt því verki að miðla rannsóknarþekkingu til almennings eða til sérstakra nota.

Þótt starfandi séu stofnanir sem halda utan um menningararfinn á hefðbundinn faglegan hátt og miðli honum samkvæmt þeim skyldum sem þeim eru lagðar á herðar er engin sérstakur farvegur fyrir miðlun rannsókna út fyrir fræðasamfélagið. Hvorki stofnun né fyrirtæki hefur tekið að sér það hlutverk að kynna niðurstöður hugvísinda með skipulögðum hætti til almennings. Væntanlega er það vegna þess að þar til fyrir nokkrum áratugum var litið svo á að almenningur læsi rit fræðimanna og fræðimenn skrifuðu með það fyrir augum. Svo er ekki lengur og fullyrða má að bilið milli skoðana almennings og fræðaheimsins á sögu og menningararfi breikki dag frá degi. Á sama tíma eykst þörfin fyrir aðgang að „nýjustu rannsóknum“ fremur en hitt, ekki síst þegar haft er í huga hve mörg verkefni sem byggjast á menningu hafa verið og verða búin til. Nokkur hætta er á að menningarverkefni séu unnin og menningararfi miðlað með aðferðum og viðhorfum sem standast ekki kröfur samtímans. Slík verkefni eru ekki líkleg til að verða langlíf ferðaþjónustuverkefni, en þau miðla einnig „rangri“ þekkingu til almennings um sögu og mannlíf í landinu. Þar sem fjármagni er í auknum mæli beint í ferðaþjónustuverkefni þurfa yfirvöld að vera meðvituð um að slík verkefni eru í sumum tilvikum kjarni menningarlífs á svæðinu og auk þess beinlínis notuð til kennslu og annarrar uppfræðslu fyrir alla landsmenn.

Æskilegt væri að gerð væri gangskör að því að skapa forsendur til þess að örva miðlun á rannsóknarniðurstöðum út fyrir raðir fræðimanna. Slíkt tíðkast á ýmsum öðrum sviðum sem varða daglegt líf manna og má þar til dæmis nefna að landlæknisembættið miðlar nýjum upplýsingum með skipulegum hætti, veðurstofan segir frá veðri, vatnafari og ástandi þeirra hluta sem heyra undir fræðasvið stofnunarinnar og svo mætti lengi telja.

Menning og menningararfur hefur, eins og áður segir, margar skírskotanir sem brýnt er að sé tekist á við af stjórnvöldum og stjórnsýslu. Hér er lögð fram sú tillaga að hugtökin verði skilgreind innan stjórnsýslunnar ásamt öðrum sem þeim tengjast. Þar er hugtakið „miðlun“ innanborðs. Tilgangurinn væri ekki að finna endanlega merkingu orðanna, heldur að leggja fram tæki sem nýtist til þess að vinna í málafloknum án þess að misskilnings gæti og til þess að draga úr árekstrum. Með þau í farteskinu væri hægt að leggja fram skilning á sviðinu, öðlast sýn og móta því stefnu.

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

**Framtíðarsýn – stefna**

Fjármunir og vinna eru lögð í ýmiskonar verkefni um miðlun menningar á landsbyggðinni Þessi verkefni eru allt frá því að vera söfn eða setur með margvíslegan menningarlegan, rannsóknar- og markaðstilgang til þess að vera verkefni á vegum einkafyrirtækja sem njóta styrkja. Framhald þessa starfs er að miklu leyti bundið vonum um aukinn ferðamannastraum en vegna þess að verkefnin eru enn meira og minna inni á óskilgreindu sviði sem er hvorki í tengslum við menningu né atvinnulíf hafa þau minni tækifæri til að þroskast en vonir mættu standa til. Sömuleiðis eru markmið og leiðir innan stoðþjónustu óskilgreindar og skortur er á fagþekkingu á efniviðnum sem unnið er með, þ.e. menningu, enda eru tengsl við rannsóknir með minnsta móti og ekki fyrir hendi með beinum hætti. Hvort sem litið er til þess að styðja við einstök verkefni eða móta stefnu um menningartengd efni er nauðsynlegt að nýta betur fræðilega þekkingu en nú skortir skilyrði fyrir slíka aðkomu sem þýðir að ákvarðanir um stóran hluta menningarlífs eru að miklu leyti teknar með önnur sjónarmið til viðmiðunar en þau sem varða menninguna.

Úr þessu verður ekki bætt nema stjórnvöld stuðli að því að greina sviðið og kortleggja það og sveitarstjórnir og svæðasamtök sveitarfélaga verði meðvitaðri um ábyrgð sína, en í þeim tilvikum sem verkefnin eru í almenningsseign eru þær fulltrúar eigenda.

Frá sjónarmiði menningarráðuneytis hlýtur menning og menningarstarf að vera aðalatriði í þessum málaflokki. Ef ekki er tekin upp hansinn fyrir menningu er hætta á að menningarstarf á landsbyggðinni renni allt undir „menningartengda ferðþjónustu“ sem reki á reiðanum í hafsjó „atvinnulífsins“. Ekki ætti að líta á atvinnulíf eða eflingu ferðþjónustu sem ógn eða óvin menningar, heldur sem tækifæri til samstarfs milli margra aðila sem gæti orðið til þess að efla starfsemi af þessu tagi. Aðalatriði er að menning verði ekki án gæslumanns í yfirstandandi breytingum og farsælast væri að þroska verkefnin með menningarlíf á landinu og viðkomandi svæði að leiðarljósi. Öflug menning heimamanna er betri kostur í ferðþjónustu en tilbúin menningarverkefni sem hafa ekki raunverulegan menningarlegan tilgang eða gildi.

Í stað þess að líta á menningu sem „bagga“ á sveitarfélögum þarf að búa svo í haginn að verkefnin sem eru til og verða til séu raunverulegir menningarstaðir; viðbót við menntun, þekkingu og áhuga heimamanna á sögu og samhengi. Menningararfurinn felur í sér sóknarfæri sem skapa tækifæri á sviði menntunar, ferðþjónustu og atvinnuppbyggingar: að til verði skemmtilegir og uppbyggilegir staðir sem listamenn sækjast eftir að vinna í og með, samkomustaðir fyrir heimamenn, staðir sem stuðli að menntun barna, hafi tengsl við háskólana og svo framvegis.

Þarna liggja óteljandi möguleikar sem má nýta miklu betur. Sú staðreynd að margt er nú þegar fyrir hendi sýnir að til þess að byggja sviðið upp þarf ekki að byrja á því að ráðast í miklar framkvæmdir eða fjölgun starfa en miklu myndi muna að setja stefnuna á betra starf og faglegru rekstur. Það kostar ekki endilega mikið en gæti skilað miklu menningarlega og raunar einnig fjárhagslega ef litið er til lengri tíma.

Á þessu sviði er mikið til en margt óunnið. Til þess að hægt sé að skapa væntingar, öðlast sýn og sjá möguleika þarf að tala saman. Væntanlega eru margir möguleikar á því að hefja slíkt starf og ein leið gæti verið að myndaður yrði samráðshópur sem ynni saman að því að leggja drög að slíkri sýn og hefði þá fengið í hendurnar upplýsingar um umfang þeirrar starfsemi sem er fyrir hendi. Þá væri einnig nauðsynlegt að greina eðli starfsins sem fram fer á hverjum stað. Eftirsóknarvert væri að lagðar yrðu fram djarfar tillögur um raunverulegt menningarstarf.

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

**Niðurstöður**

Markmið greinargerðar þessarar er að vekja og hvetja til þess að menningartengd ferðaþjónusta verði skilgreind út frá menningu vegna þess að menningarverkefni eru alltaf hluti af menningarlífi og menningarstarfi. Hér hefur komið fram að flest menningartengd verkefni á landsbyggðinni séu háð ferðamönnum og miklar væntingar eru til vaxtar í ferðaþjónustu en að lítill fræðilegur og faglegur stuðningur sé við slíka starfsemi þegar á heildina er litið. Þörf er á því að takast á við málaflokkinn sem varðar miðlun menningar og menningararfs á landsbyggðinni og getur að talsverðu leyti fallið undir það að vera menningartengd ferðaþjónusta vegna þess að hann skarast við atvinnurekstur sem er borinn uppi af gestum sem greiða fyrir þjónustuna.

Sýnt er að málaflokkurinn er fyrir hendi en að hann lendir milli vita í ákvörðunum og stefnumótun vegna þess að hann liggur á mörkum atvinnustarfsemi og menningariðkunar. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi fræðilegrar þekkingar og stuðnings háskóla við málaflokkinn, en eins og málum er háttað er samband milli slíkra verkefna og menningararfsstofnana tilviljanakennt enda eru skyldur þeirra stofnana sem fyrir eru skilgreindar með önnur markmið í huga.

Það er eindregin niðurstaða að þörf sé á því að stjórnslan hafi skilgreiningar fyrir sviðið sem miðist við faglegt starf. Þörf er á að það sé kortlagt – bæði starf og stuðningur – til þess að hægt sé að öðlast sýn, móta stefnu og skapa faglegt vinnulag.

**Meginniðurstöður**

- 1. Miðlun menningararfs er órfjúfanlegur hluti af menningu lands og þjóðar.**
  - Menningarverkefni á landsbyggðinni eru í auknum mæli ferðaþjónustutengd en menningartengd ferðaþjónusta er óskilgreint hugtak. Engin stefna eða sýn er til um þetta svið.
  - Möguleikar menningarverkefna eru miklir hvort sem er litið til þeirra sem atvinnu- eða menningarverkefna – en verkefnið eiga litla möguleika ef kjarni þeirra – menningin – er ekki grunnþáttur og undirstaða verkefnisins.

- Fjölmörg menningartengd ferðaþjónustuverkefni eru um allt land sem njóta hvorki stuðnings sérfræðistofnana um menningu, stoðkerfis atvinnulífs eða skilnings stjórnvalda á eðli starfsins.
- Litlir möguleikar eru á að nýta reynslu annarra, hvort sem er innanlands eða utan.
- Hætta er á að styrkjum og öðru fjármagni sem er ætlað til menningar sé veitt til ferðaþjónustu án þess að menningarinntak þeirra sé metið eða gaumgæft.

## **2. Fram til þessa hefur hugvísindalegt rannsóknastarf og önnur menningarþekking verið vannýtt í nýsköpunar- og þróunarstarfi bæði á sviði ríkis og sveitarfélaga.**

- Afleiðingin er skortur á farvegi í kerfinu til þess að takast á við menningarmál og leiðir meðal annars til þess að menningartengd ferðaþjónusta er að allt of stórum hluta rekin án þess að hafa tengsl við menningarlíf, atvinnulíf, rannsóknarþekkingu og stoðkerfi.
- Af þessu leiðir að verkefnin hafa takmarkaða möguleika á að ná miklum árangri.
- Það er hlutverk stjórnvalda og háskóla að losa um þann hnút sem málaflökkurinn er í.
- Bent er á að vegna þess að um auðugan garð er að gresja þegar litið er til verkefnafjölda, menntunar á sviði menningar og hugvísinda og annarra þátta, er líklegt að vinna megi mikið starf án þess að mikill kostnaður hljóttist af. Hins vegar kann betra vinnuumhverfi að skila bæði tekjum og líflegri menningarlífi.

### ***Megintillögur***

- **Lagt er til** að menningarverkefni sem tengjast ferðaþjónustu verði skilgreind sérstaklega þar sem tekið verði tillit til þess menningarstarfs sem þar fer fram.
- **Bent er á** að skortur sé á aðgangi slíkra verkefna að rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum og lagt til að lagt verði mat á hlutverk stjórnvalda og háskóla á sviðinu.
- **Lögð er áhersla á** menningarlegt mikilvægi verkefna af þessu tagi og bent á mikilvægi þess að til sé sýn og stefna til framtíðar sem varðar málaflökkinn í heild og að fyrir hendi séu skýrar leiðir innan stjórnsýslunnar sem stuðli að faglegum styrk og stuðningi á sviði menningar og miðlunar menningararfs.
- **Mælt er með að** menningarmálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að efla þátt menningarrannsókna í uppbyggingu starfsgreinarinnar sem stuðli jafnframt að því að



## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

menningarverkefni hérlendis verði í samræmi við nýja þekkingu og það sem best gerist í alþjóðlegu samhengi.

- **Mælt er með því** að hugtök sem varða málaflokkinn verði skilgreind fyrir stjórnslu, grunnhugtök eru menning, menningararfur og miðlun.
- **Lögð er áhersla á** að miðlun er hugtak sem mikilvægt er að sé skýrt í þessu samhengi vegna þess að miðlun fer fram á margan hátt og á mismunandi stigum. Sérstaklega þarf að huga að þeirri miðlun sem snýr að því að flytja rannsóknaniðurstöður út fyrir hið akademíska rannsóknasamfélag.
- **Mælt er með því** að verkefni, hvort sem er fyrirtæki, stofnanir eða annað sem miðlar menningarefni, sögu og menningararfi sem getur fallið undir það að vera menningartengd ferðaþjónusta, verði kortlagt, sem og samhengi þeirra við stjórnslu og stoðstofnanir.
- **Mælt er með því** að unnið verði í samhengi við nýjustu þekkingu, bæði innlenda og alþjóðlega. Greinargerðinni fylgir útdráttur í íslenskri þýðingu á leiðarvísi um hlutverk háskóla í þróun svæða sem gefinn var út af Evrópusambandinu á síðasta ári. Þar er vakin athygli á því að hugvísindi, listir og félagsvísindi hafa ekki verið nýtt í stefnumótun fyrir þróun í dreifðum byggðum. Þar er lagt til að hluti þeirra fjármuna sem nú þegar eru settir í stefnumótun svæða verði notaðir til þess að móta langtímamarkmið og verði sérstök áhersla lögð á að innanborðs í þeirri stefnumótun verði fulltrúar menningarmála. Í leiðarvísinum má sjá hvernig tekist er á við gamlan vanda með nýjum hætti í nágrannalöndum okkar og mælt með að nota hann sem það sem hann á að vera - hagnýtur leiðarvísir.
- **Hvatt er til þess** að tekist verði á við erfiðar spurningar sem varða togstreitu menningar- og atvinnulífs. Bent er á að ferðaþjónustutenging menningarfyrirbæra þarf ekki að vera ógn við menningu, í henni geta legið ný tækifæri til að efla söguvitund og menningarlíf.
- **Lögð er áhersla á** að menningartengd ferðaþjónusta hefur sérstöðu í menningarlífinu vegna þess hve sterk tengsl hún hefur við atvinnurekstur en að sama skapi er menning og menningarmiðlun af öðrum toga en framleiðsla og þjónusta í almennum atvinnurekstri.
- **Lagt er til að** leitað verði leiða til þess að farvegur fyrir samvinnu allra starfs- og hagsmunaaðila verði fundinn í greininni.

- **Lagt er til að** tækifærið sem skapast nú verði nýtt til hins ítrasta; breytingar standa yfir á mörgum sviðum sem varða málefnið, s.s. sóknaráætlanir, breytingar á lögum um menningarminjar og söfn og fleira sem má telja til. Það opnar tækifæri til þess að endurmeta hlutverk og rekstur fjölmargra verkefna.
- **Lagt er til að** sérstök áhersla verði lögð á að kenna og kynna það nýja starfsumhverfi og vinnulag sem hefur skapast á undanförunum árum, má þar sérstaklega nefna hugmyndir um klasastarf og samstarf fyrirtækja og stofnana sem er skilgreint eftir svæðum.
- **Lagt til að** hafa sérstakan sjóð um svæðapróun þar sem hugvísindi og menning væri höfð með – í fyrsta sinn.
- **Lagt er til að** settur verði á laggirnar samráðs- og samstarfsvettvangur sem takist á við þær áleitnu og erfiðu spurningar sem liggja fyrir um málaflokkinn. Út úr þeim vettvangi komi kortlagning þar sem lagðar hafa verið línur til þess að hægt sé að takast á við frekari spurningar af fagmennsku og á uppbyggilegan hátt.

### ***Rannsóknasetur á landsbyggðinni***

Spurningin er hvernig hægt sé að koma af stað því starfi sem hér hefur verið mælt fyrir. Stofnanir sem bera ábyrgð á söfnun, varðveislu, miðlun og rannsóknum á menningararfi, s.s. Árnastofnun, Þjóðminjasafn og hugvísindasvið HÍ hafa víðtækar skyldur en engar við atvinnulíf og ættu í raun ekki að hafa þær. Það starf sem þar fer fram á hins vegar erindi við menningartengda ferðaþjónustu.

Í síðari hluta þessarara greinargerðar ber Sólveig Ólafsdóttir grundvöll menningarrannsókna og miðlunar saman við stofnanir og fyrirtæki sem hafa hlutverk sem lýtur að rannsóknum á náttúruauðlindum en tengjast jafnframt atvinnulífi, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Matís ohf. og Biopol ehf. sem öll starfa að einhverju eða öllu leyti utan höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er að vekja spurningar og varpa ljósi á möguleika sem skapast við það að til séu rannsóknastofnanir sem sinna undirstöðu tiltekinna atvinnugreina. Með því að skilgreina menningararf sem auðlindina sem menningartengd ferðaþjónusta vinnur vöru sína úr verður ljóst að margir möguleikar eru fyrir hendi um það hvaða hlutverki slíkar stofnanir geta gegnt. Þannig getur verið um að ræða eftirlitshlutverk, vöruþróun, upplýsingaveitu til stjórnvalda, þátttöku í stefnumótun o.s.frv. Þótt misjafnt sé hversu vel hlutverkin eiga við um menningarsviðið sýnir samanburðurinn að eðlilegt þyki að starfsgreinarnar njóti stuðning vísindastarfs og að því sé miðlað markvisst til þeirra. Það er einnig ljóst að stjórnsýslan starfar ekki án ráðgjafar frá vísindasamfélaginu.



## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Ef farið verður eftir tillögum greinargerðarinnar og stofnað til markvissrar vinnu við kortlagningu og stefnumótun fyrir starfsumhverfi með fræðilegum stuðningi fyrir menningartengd verkefni á landsbyggðinni, eða menningartengda ferðaþjónustu, bendir samanburður við raun- og náttúruvísindi til þess að sérstök rannsóknastofnun væri best til þess fallin að vera leiðandi í slíku starfi. Einnig er raunhæft að ætla að ódýrasti kosturinn við að skapa stuðning rannsóknasamfélags sé að vista það inni í stofnun sem er fyrir hendi.

Í því samhengi er vert að benda á Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra. Það er eina rannsóknastofnunin utan Reykjavíkursvæðisins sem er ætlað að vera stuðningsaðili við samfélag en hefur einvörðungu hugvísindalegt hlutverk. Þau verkefni sem snúa að setrinu hljóta að vera þau sömu menningartengdu verkefni og hefur verið sýnt að njóti lítils opinbers stuðnings.

Aðeins einn starfsmaður er þó við setrið sem gerir það að verkum að það hefur lítil tók á því að hafa meiri umsvif en önnur lítil menningarverkefni á landsbyggðinni og því er þannig nánast stillt upp sem samkeppnisaðila, til dæmis um verkefnastyrki.

Hér er lögð fram hugmynd um að styrkja Rannsóknasetrið tímabundið til vel skilgreinds tilraunaverkefnis til ákveðins afmarkaðs tíma sem fælist í því að kortleggja svið menningarverkefna á landsbyggðinni sem miðla menningu og menningararfi frá faglegu sjónarhorni. Lögð yrði áhersla á að setja stöðuna í samhengi við alþjóðlegar rannsóknir og vinnuaðferðir, að skapa tengslanet, samráðsvettvang og upplýsingaveitu. Þar kæmu bæði fram fjöldi og eðli starfandi verkefna, en einnig væri lagt mat á styrkja- og stoðumhverfi og faglegan styrk.

Meginverkefni setursins væri að stuðla að framþróun á sviðinu: að einfalda samskiptaleiðir, veita aðstoð, bregðast við aðstæðum og ekki síst hafa frumkvæði á þeim sviðum sem metin væru mikilvæg. Það myndi stuðla að auknum samskiptum milli stjórnsýslu, rannsóknasamfélags og annarra sem vinna í geiranum; vinna markvisst að því að koma þekkingu á framfæri, jafnt til stefnumótunar sem annarra verkefna, til dæmis með námskeiðum, stuðla að ráðstefnum og útgáfu efnis um sögu og menningararf til almennings. Möguleikar á þessu sviði eru of margir til að telja upp en tilgangur þessarar greinargerðar er meðal annars að sýna fram á hversu margar mikilvægar spurningar liggja í loftinu án þess að tækifæri sé til að takast á við þær.

Fjölgun fagmenntaðra sérfræðinga við Rannsóknasetrið á Skagaströnd væri tiltölulega ódýr leið til þess að hefjast handa við að taka á mikilvægu málefni og sérlega vel færi á því að

stuðningsstofnun við menningartengd verkefni á landsbyggðinni væri staðsett utan Reykjavíkursvæðisins. Í setrinu hefur verið unnið nokkuð að því að kanna umhverfi verkefna sem tengjast miðlun menningarararfs ásamt því að mynda stofnanaleg og fræðileg tengsl. Þannig er orðinn til vísir að þekkingu og trausti sem vert er að byggja á og ólíklegt er að sé fyrir hendi annars staðar. Á hinn bóginn er orðið ljóst að marktækur árangur mun ekki nást við núverandi aðstæður og að setrinu verði heldur ekki kleift að ná árangri í samfélagsstuðningi sem lagt var af stað með. Í því liggur hins vegar þegar nokkur fjárfesting bæði í húsnæði og þeim starfsmanni sem nú þegar er fjármagnaður.

Með því að efla það rannsóknasetur sem hefur verið sett upp myndu líkurnar aukast á því að Háskóli Íslands gerði raunverulega það gagn sem hann ætlaði sér með stofnun rannsóknasetra á landsbyggðinni – að styðja við landsbyggðina. Tilraunaverkefni til þess að byggja grunn að faglegum stuðningi við menningartengda ferðaþjónustu varðar menningu allra landsmanna og skuldbindingar Háskóla Íslands við landsbyggðarmál. Að sama skapi varðar starfsemi verkefnanna sem um ræðir sveitarstjórnir og svæði á landinu. Fjármögnun gæti tekið mið af þessu og orðið til í samstarfi samtaka sveitarfélaga, ráðuneytisins og Háskóla Íslands. Má í því sambandi minna á tillögu úr ofangreindum leiðarvísi um hlutverk háskóla í svæðapróun, þar sem lagt er til að teknir verði peningar úr þeim sjóðum sem þegar er veitt til stefnumótandi starfs til þess að tryggja aðkomu þeirra vísindagreina sem varða manninn sjálfan að stefnumótunarvinnu. Í því samhengi væri ekki farið fram á peninga sem ekki eru til, heldur tilfærslu, þar sem dregið yrði úr sérfræðikostnaði í öðrum greinum til þess að byggja undir svið sem hefur ekki verið sinnt fram að þessu.

Lára Magnúsardóttir

## Síðari hluti. Ef menning er auðlind. – Sólveig Ólafsdóttir

### Inngangur

Fram til þessa hafa háskólar, akademískar stofnanir og sjálfstæðar rannsóknir á sviði menningar ekki svo neinu nemi verið skrifaðar inn í jöfnu atvinnulífsins hvorki hjá stefnumótandi stjórnvöldum, atvinnulífi né hjá rannsakendunum sjálfum. Viðurkennt framlag rannsókna til atvinnulífs hefur einkum verið í gegnum alls kyns tækniþróun og nýsköpun sem byggð hefur verið á tilraunarannsóknum. Eins og kemur fram í fyrri hluta greinargerðarinnar er hreinlega mælt með því í hagnýtum leiðarvísi frá Evrópusambandinu um þátt háskóla í svæðisbundum vexti að „opinber stjórnvöld og háskólar tileinki sér víðari skilning á nýsköpun og viðurkenni hlutverk ýmissa lista-, menningar- og hugvísindagreina, einkum þegar brugðist er við hinum „stóru og erfiðu verkefnum“<sup>37</sup>, eins og aðkallandi vandamál heimsins eru kölluð í leiðarvísinum. Þetta er talið grunnstef í því markmiði að „nútimavæða æðri menntakerfi Evrópu“, eins og enn fremur kemur fram í skýrslunni.

Löng hefð er fyrir rannsóknum á íslenskri menningu bæði hérlendis sem erlendis og mikil þekking er fyrir hendi öfugt við það sem gerist í mörgum öðrum þáttum hinnar nýju atvinnugreinar ferðaþjónustunnar. Fjölmargir einstaklingar hafa menntað sig til starfa í margvíslegum þáttum menningar og enn sem komið er eru íslenskir vísinda- og fræðimenn leiðandi á því rannsóknasviði.

Brýnt er að efla þær brýr og boðleiðir sem fyrir eru á milli atvinnulífs og í þessu tilfelli ferðaþjónustunnar og þeirra þekkingarbrunna sem til eru um íslenska menningu innan stofnana og utan, til hagsbóta fyrir bæði hagnunaaðila í hinu opinbera kerfi og einkastarfsemi, bæði á sviði menningar og ferðaþjónustu.

**Menning og atvinnugreinin ferðaþjónusta eru þættir sem nauðsynlegt er að rannsaka í samhengi.**

Til að varpa ljósi á mögulega brúarsmíð er hér á eftir gerð tilraun til þess að laga tungutak og stoðkerfi okkar mikilvægustu auðlindar sem er sjávarfang og önnur matvælaframleiðsla að menningu. Þetta er gert með þeim hætti að skilgreina menningu sem auðlind á sambærilegan

<sup>37</sup> Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf)

Vísað er í útdrátt í ísl. þýðingu í fylgiskjali.

hátt og aðrar auðlindir sem nýttar eru þjóðinni til hagsbóta. Þessi aðferð hefur bæði þann kost að hægt er að krækja í og heimfæra ýmislegt sem hefur verið gert til að virkja, styðja og nýta þær náttúruauðlindir sem nýttar eru til matvælaframleiðslu og þann stóra galla að með því að skilgreina menningu inn í þrönga ramma náttúruauðlinda er menningarhugtakið bæði þynnt út og takmarkað um of. En kostirnir veiga að að mínu mati upp gallana í þessu tilfelli.

Á grunni þessarar hugmyndar um menningu sem auðlind verður bent á nokkrar leiðir til að efla samstarf og sambengi á milli menningarrannsókna og atvinnulífsins. Allar leiðirnar eru grundvallaðar á hinu nýja akademíska viðhorfi til samhengis, samþættingar og heildstæðari sýnar á samfélagið og byggja á gögnum og stefnumótunum sem fyrir liggja, svo sem eins og *Sóknaráætlun ríkistjórnarinnar, Ísland 2020*<sup>38</sup>, *Menningarstefnu ríkisins* og hagnýtum *Leiðarvísi frá Evrópusambandinu um þátt háskóla í svæðisbundnum vexti*<sup>39</sup> sem áður hefur verið minnst á og síðast en ekki síst nokkrum þáttum í opinberu stoðkerfi sjávarútvegs og matvælaframleiðslu sem mikil og jákvæð reynsla er komin á nú þegar. Enn fremur verður vikið stuttlega að nýjum hugmyndum um þátt menningar í hugmyndinni um sjálfbæra þróun sem liggur til grundvallar stefnumótun innanlands sem utan.

Íslendingar eru fyrst og fremst hráefnisframleiðendur á matvælum. Við höfum skapað í kringum auðlindir okkar ýmsa ramma sem áhugavert er að skoða með gleraugum menningarinnar sem auðlindar. Ýmis opinber markmið í hefðbundinni auðlindavernd og nýtingu er hreinlega hægt að þýða beint yfir á menningu en aðeins þarf að snúa upp á önnur til þess að þau henti menningarhugtakinu.

Markmiðið hér er ekki að finna „hina endanlegu lausn“ eða endanlegt form á því hvernig fara á með menningu hvort sem það er á forsendum menningarinnar sjálfrar eða á forsendum atvinnulífsins heldur frekar skoða það sem hefur verið gert í að formgera stoðkerfi fyrir aðrar nauðsynlegar auðlindir sem við ætlum að byggja á til framtíðar. Menning er enda ekki verkefni – heldur lífið sjálft ef maður tekur þráðinn úr nýrri ádrepu Ólafs Páls Jónssonar í *Tímariti Máls og Menningar*.<sup>40</sup>

---

<sup>38</sup> *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð*, ed. sótt 17. nóvember 2012 á <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>. Sjá einnig Samantekt úr sóknaráætlun fyrir svæði - <http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/soknaraetlun-2020/landshlutar/samantekt/>

<sup>39</sup> Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf) Vísað er í útdrátt í ísl. þýðingu í fylgiskjali.

<sup>40</sup> Ólafur Páll Jónsson, „Einn í hári“, *Tímarit Máls og menningar - 73. árgangur - 4 hefti - nóvember 2012*, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Forlagið, Reykjavík 2012, bls. 94 - 97.

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

**Menning er auðlind**

Tuttugasta öldin var tími hvernar atvinnulífsbyltingarinnar á fætur annari. Þær snerust meira og minna um hvers kyns hráfnisframleiðslu til útflutnings. Nú í upphafi nýrrar aldar horfir þjóðin fram á enn ein pólskiptin þegar þjónusta við ferðamenn sem heimsækja landið er að verða einn af grunnþáttum í íslensku atvinnulífi. Ferðaþjónusta hefur þá sérstöðu að hún notar menningu markvisst sem atvinnuskapandi hráefni. Hún mótar menningu í verkefnum sínum, mótar menningu vegna umfangs síns, breytir atvinnuháttum sem móta þjóðmenningu<sup>41</sup> framtíðarinnar. Hægt er hægt að draga fram þætti sem einkenna fremur íslenska menningu en menningu annarra þjóða. Að því leyti má tala um þjóðlega menningu eða jafnvel þjóðmenningu. Sérkenni hennar eru hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og þeim er jafnvel beitt af opinberum aðilum og ferðaþjónustunni til að kynna land og þjóð á erlendum vettvangi. Sérkenni íslenskrar menningar koma fram í samanburði og þá ekki bara í samanburði við menningu annarra þjóða heldur í samanburði við það sem mætti kalla heimsmenningu á tímum hnattvæðingar og stafræns uppbrots á hefðbundnu rými og tíma.

Það er tvennt sem öðru fremur nærir lifandi, opna og margbreytilega menningu og það er annars vegar sjálfsprottið og öflugt menningarlíf sem iðkað er í skjóli meðvitaðra stjórnvalda og hins vegar akademískar rannsóknir. Rannsóknir eru góð leið til að halda íslenskri menningu opinni, lifandi og margbreytilegri og vísindarannsóknir eiga í stöðugu samtali við alþjóðlegan fræðaheim. Töluverð þekking er til í landinu á sviði hug- og menningarfræða og þá þekkingu má byggja upp og nýta menningu til hagbóta fyrir þjóðina og gesti hennar hvort sem þeir koma í lengri eða skemmri heimsóknir í raun- eða jafnvel sýndarveruleika.

Náttúra landsins hefur verið, er og mun verða helsta aðdráttarafl íslenskrar ferðaþjónustu og öll markaðsetning á landinu hefur fram til þessa verið á forsendum stórbrotinnar og ósnortinnar náttúru og víðernis landsins. Ímyndarhönnun af þessu tagi hefur haft áhrif á ímynd og sjálfsmynd þjóðarinnar eins og fræðimenn hafa bent á og má segja að ímynd íslensku þjóðarinnar og ímynd íslenskrar menningar á alþjóðavettvangi sé oft og tíðum frekar á forsendum náttúru og sterkrar náttúrutengingar en menningar.<sup>42</sup>

<sup>41</sup> Hér skilgreini ég þjóðmenningu sem menningarlíf/starf sem eykur og hefur aukið lífsgæði þjóðarinnar að fornu og nýju í sem víðustum skilningi.

<sup>42</sup> „Nú hafa ættjarðarljóðið öðlast nýja merkingu – fyrir sumum eru þau hvatning til að upplifa fegurð fjallanna af eigin raun, en fyrir öðrum eru þau áminning um að Íslendingar eigi sér fegurra föðurland en aðrir, og þá ímynd eigi að selja útlendingum og bara þar með hag landsmanna.“ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*, Hið íslenska bókmenntafélag og

Þáttur íslenskrar menningar án beinna tenginga við náttúru landsins verður sífellt viðameiri í markaðsetningu ferðaþjónustunnar og opinberra aðila enda hafa ákveðnir þættir hennar svo sem eins og tónlist og bókmenntir notið mikillar athygli erlendis. Samt sem áður er ávallt stutt í náttúrutengingar eins og sjá mátti á auglýsingum og kynningarefni á síðasta ári þegar íslenskar bókmenntir voru kynntar sérstaklega á bókamessunni í Frankfurt<sup>43</sup>. Dæmi eru einnig um að náttúra landsins sé notuð sem tilvísun í menninguna eins og sést á auglýsingum Icelandair í flugvélum þeirra þar sem myndrænt er vísað til íslenskrar náttúru en textinn vísar til menningarlegra einkenna þjóðarinnar og þess sem auglýsendur telja einstakt.<sup>44</sup>

Vörumerkið Ísland er að sönnu eldur og ís, hraunbreiður, hverir og fossar og það er eðlilegt og sjálfsagt að tengja menningu og náttúru saman í heild enda hverfast þessir tveir grunnþættir íslensks aðdráttarafls saman í mögnuðu samspili ef vel er haldið á spöðunum.

Þær auðlindir sem íslensk náttúra hefur að geyma, hvort sem það er orkan í iðrum jarðar eða fiskurinn í sjónum eiga það sammerkt með öðrum náttúruauðlindum jarðar að vera viðkvæmar fyrir ágangi og misnotkun. Hugmyndir um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og sátt á milli manns og náttúru eru allsráðandi í umræðu um náttúruferðamennsku á Íslandi rétt eins og á alþjóðavísu.

Þegar menning er skilgreind sem auðlind í samhengi við ferðaþjónustu og atvinnulíf á sama hátt og náttúruauðlindir svo sem fiskur í sjónum kemur ýmislegt merklegt í ljós. Þó svo að menningin þurfi að vera sjálfbær eins og náttúran má samt ekki „vernda og varðveita“ hana á sama hátt og náttúruna. Því meira sem auðlindin er nýtt, því meira verður til af henni. Menningu á því að örva með öllum tiltækum ráðum og því betur sem landsmenn sjálfir njóta menningar, því betur nýta þeir sér hana, sér og sínum til framdráttar.

Það hefur þó í för með sér ýmsar hættur að skilgreina menningu jafn þröngt og náttúruauðlindir því, eins og áður segir, eykst menning við notkun; því meira sem gert er á menningarsviðinu því meira verður til. Menning er sköpun, hún þrífst á sjálfri sér og verður meiri eftir því sem hún er meira nýtt.

---

ReykjavíkAkademían, 2007, bls. 215. Sjá einnig grein Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur, „Reflecting Images: The Front Page of Icelandic Tourism Brochures“, *Iceland and Images of the North*, Ritstjóri Sumarliði Ísleifsson í samstarfi við Daniel Chartier, Presse de l'Université du Québec og ReykjavíkAkademían, 2011.

<sup>43</sup> Sjá grein Ann-Sofie Nielsen Gremaud, „Ísland sem rými annarleikans, Myndir frá bókasýningunni í Frankfurt árið 2011 í ljósi kenninga um dul-lendur og heterótópíur“, *Ritið: 1/2012*, Hugvísindastofun Háskólans, 2012, bls. 7-29.

<sup>44</sup> Hér er vísað til auglýsinga sem ganga í skjákerfi flugvéla Icelandair og ganga út að það sem sé merkilegt/einstakt við Ísland sé ekki ákveðin einstök náttúruferðir heldur ákveðin menningarferðir – almenn trú á vætti eða að símanúmer forsætisráðherra sé aðgengilegt öllum ofrv.



---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Verndunarsjónarmið menningar eiga rétt á sér á sumum sviðum en þá snúast þau fyrst og fremst um fagmennsku að því er varðar rannsóknir, söfnun, varðveislu og framsetningu auk sameiginlegs ásetnings um að hygla ákveðnum þáttum menningar sérstaklega. Með því að skilgreina menningu sem auðlind kemur til sögunnar hópur nýrra hagsmunaaðila sem hingað til hefur ekki skilgreint sig sem hagsmunaaðila atvinnulífs heldur sem varð- og vörslumenn menningar, sögulegs samhengis og menningararfs.

Eins og áður hefur komið fram skapast ýmsar mótsagnir við það að skilgreina menningu sem auðlind. Að hluta til þrengir það menningarhugtakið en samt sem áður skapar það vettvang og tungumál til að skoða menningu á nýjan og skapandi hátt út frá þeim tækjum og tólum sem fyrir eru.

Þegar menning er sett í samhengi auðlindar sem leggur grunn að hvers kyns atvinnustarfsemi og tekin úr samhengi tómstundagamans<sup>45</sup> og dægrastyttingar þá blasir við nýr heimur. Til þess að menningin standi í fæturna sem auðlind og uppspretta í atvinnulífinu þarf hún á því sama að halda og aðrar auðlindir, þ.e. skýrri stefnu stjórnvalda og rannsóknir. Fagþekkingu á menningarsviði er í vaxandi mæli haldið við í menntastofnunum og með rannsóknastarfi, rétt eins og í öðrum greinum. Þetta á ekki síst við um þá þætti menningarinnar sem snúa að þjóðmenningu og miðlun menningararfs í víðu samhengi.

---

<sup>45</sup> „Menningaráhugi og almenn þátttaka í menningarstarfi er sterkur þáttur í fari Íslendinga, sem rekja má óslitið frá þjóðveldi til nútímans. Ýmiss konar menningarstarf virðist hafa verið eitt megintómstundagaman Íslendinga“. *Menningartengd ferðaþjónusta*, Samgönguráðuneytið, 2001, Bls. 7.

## Brúarsmíði sem byggir á samþættingu, samhengi og sjálfbærri þróun

Eins og áður hefur verið vikið að hefur því verið haldið fram að brúin á milli fræðirannsókna og framkvæmda, akademíu og atvinnulífs hafi fram til þessa ekki verið byggð fyrir þungaflutninga. Jafnvel má færa að því rök að hún hafi einungis boðið upp á takmarkaða einstefnu frá rannsóknum yfir í atvinnulíf. Vandinn verður hvergi jafn augljós og í málum er varða menningartengda ferðaþjónustu. Eins og kemur fram í fyrri hluta greinargerðarinnar er það sem skilgreint er sem menningartengd ferðaþjónusta oft á tíðum rekstur án tengsla við atvinnulíf og menningarstarf án tengsla við menningu. Hér er því haldið fram að vandann megi að miklu leyti rekja til sambandsleysis á milli þeirra sem stunda rannsóknir á menningarsviðinu og hinna sem búa til verkefni, sem og þeirra sem veita fjármunum til þeirra. Þörf er fyrir faglegan vettvang fyrir umræður á sviði sem tengjast menningu og ferðaþjónustu, en með „faglegum vettvangi“ er átt við hlutlausan aðila sem hefur menningarlega þekkingu eða forsendur til að afla hennar og ekki hvað síst stjórnsýslulegt vægi og þyngd.

Þessu þarf nauðsynlega að breyta og smíða brú sem hæfir alvöru þungaflutningum – í báðar áttir. Það verður aðeins gert með samtali allra hlutaðeigenda, heildstæðri hugsun og virkjun í stað einhliða boðskipta og hagnýtingar á rannsóknarniðurstöðum.

Rannsóknir og þróunarstarfsemi (R&D, e.: Research and Development,) felur í sér skapandi starf sem fer fram með kerfisbundnum hætti með það að markmiði að auka við þekkingarforðann, þar með talið þekkingu á manninum, menningunni og þjóðfélaginu, og að nota þennan þekkingarforða til að skapa nýmæli.<sup>46</sup> Þessi skilgreining á einkar vel við það sem einkennir frjálsa sköpun í listum og menningu. Þarna eru að verki sömu lögmál skapandi og gagnrýnnar hugsunar.

Það rannsóknastarf sem snýr að afurðum mannsins – menningu – er til dæmis málvísindi og hvers konar textarannsóknir, svo sem bókmenntarannsóknir; sagnfræði, heimspeki og menningarfræði; sömuleiðis má nefna sértæka menntun sem tengist menningarstofnunum, svo sem safnafræði, þjóðfræði og mannfræði. Einnig hafa orðið á síðustu áratugum nánast pólskipti í akademískri hugsun. Hún hefur færst frá sífellt meiri sundurgreiningu, smættun, einsleitni og einangrun í átt til samhengis, heildstæðari sýnar á mannlegt samfélag og síðast en ekki síst, fjölhyggju.

Sífelld fleiri rannsóknarþættir eru spunnir saman í stöðugt þverfaglegri nálgun á viðfangsefnin. Hér má nefna sem dæmi hvernig menning sem undirstaða í hugmyndinni um sjálfbæra þróun er

---

<sup>46</sup> „Hvað eru rannsóknir og þróunarstarf“, Heimasíða Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, *Rannís*, ed, sótt 5. júlí 2012 á <http://rannis.is/greining/hvad-eru-rannsoknir/>

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

að verða eitt virkasta rannsóknasvið í heiminum um þessar mundir. ReykjavíkurAkademían tók þátt í að mynda og er þátttakandi í rannsóknaverkefni *COST IS-1007 Investigating Cultural Sustainability*, um menningarlega sjálfbærni.<sup>47</sup> og það hefur skilað virkum árangri inn í íslenskt rannsóknarsamfélag á síðustu misserum.

Hugmyndin og krafan um sjálfbæra nýtingu auðlinda hefur verið alltumlykjandi á síðustu áratugum og hefur alþjóðasamfélagið viðurkennt að eini möguleiki sem mannkynið hafi til að eiga sér framtíð á jörðinni er að vinna markvisst að þróun „sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“.<sup>48</sup>

Markmiðið með því að draga fram þátt menningarlegrar sjálfbærni er að stinga einni stoð enn undir sjálfbæra þróun þannig að stoðirnar séu félagslegar, umhverfislegar, efnahagslegar og menningarlegar eða jafnvel ganga svo langt að skilgreina menningu sem grunnþátt í hinum hefðbundnu stoðum sjálfbærrar þróunar.<sup>49</sup>

Þróun í átt að menningarlegri sjálfbærni er tvíþætt og felur í sér annars vegar að lífshættir og menningarleg sérkenni þróist í anda sjálfbærrar þróunar og hins vegar að menningin sem er við lýði stuðli að sjálfbærri þróun eða komi samfélaginu á það spor. Við þetta myndast gangvirki menningar í átt að sjálfbærri þróun og raunverulegu valdi einstaklinga yfir lífsháttum sínum. Um er að ræða nánast byltingarkennt sjónarhorn á hugmyndafræðina um sjálfbæra þróun.

Menningarleg sjálfbærni gengur því út á heilðræna hugsun sem felur í sér að meiða hvorki né eyða, að búa í haginn fyrir lífsgæði allra og að tryggja og viðhalda sem mestum heiðarleika í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Menningaleg sjálfbærni viðheldur, hvetur og drífur áfram.<sup>50</sup>

Vikið er að slíku sjálfgengi í *Leiðarvísi* Evrópusambandsins um þátt háskóla í svæðisbundnum vexti sem áður hefur verið minnst á. Þar benda skýrsluhöfundar á að nálgast beri virkjun háskóla með „með heilðrænum hætti í stað þess að leggja megináherslu á viðskiptasjónarmið,

---

<sup>47</sup> Verkefnið er á vegum European Cooperation in Science and Technology, sem er eitt gamalgrónasta rannsóknarvettvangur í Evrópu. COST IS-1007 er 4 ára samstarfsverkefni sem hófst formlega þann 9. maí 2011. Leiðandi vísinda- og fræðimenn í yfir 20 löndum Evrópu standa að verkefniinu. Þeir sem koma að verkefniinu fyrir hönd RA eru þau Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur, Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og Sólveig Ólafsdóttir.

<sup>48</sup> Ólafur Páll Jónsson. „Hvað merkja orðin sjálfbær þróun?“. *Vísindavefurinn* 20.8.2001, sótt 15. desember 2012 á <http://visindavefur.is/?id=1840>

<sup>49</sup> „Leiðin til Ríó“ *Útanríkisráðuneytið*, ed. sótt 15. desember 2012 á [http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/althjoda-og-oryggismal/audlinda-og-umhverfismal/rio-20/stofnanaumhverfi/.](http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/althjoda-og-oryggismal/audlinda-og-umhverfismal/rio-20/stofnanaumhverfi/)

<sup>50</sup> „Menningarleg sjálfbærni“, *Wikipedia frjálsa alfræðiritið*, ed. sótt 15. janúar 2012 á [http://is.wikipedia.org/wiki/Menningarleg\\_sj%C3%A1lfb%C3%A6rni](http://is.wikipedia.org/wiki/Menningarleg_sj%C3%A1lfb%C3%A6rni)

svo sem ráðgjafarþjónustu við fyrirtæki á svæðinu“.<sup>51</sup> Þeir vara við hefðbundnum viðskiptasamböndum milli akademískra stofnanna og atvinnulífs sem hingað til hafa verið ríkjandi. Þeir segja að það sé freistandi „að leggja áherslu á viðskipti, sem kann að leiða til tiltekinnar niðurstöðu, svo sem þeirrar hve mörg fyrirtæki nutu aðstoðar. Hins vegar er ólíklegra að slíkt hafi varanleg áhrif og leiði til varanlegrar niðurstöðu, sem unnt væri að ná með „ummyndandi“ þróunaráætlunum, svo sem með kennslu í staðbundinni mannauðsáætlun sem byggist á rannsóknartengdri aðstoð við fyrirtæki í helstu fyrirtækjasamstæðum svæðisins“. Skýrsluhöfundar mæla með því að „unnið sé markvisst að langtímaáætlun í stað afmarkaðra stakra verkefna, „ummyndandi verkefnum“ í stað „viðskiptatengdra verkefna““.<sup>52</sup> Þeir benda á að „miklu erfiðara [sé] að þróa ummyndandi og heildrænar áætlanir, vegna þess að árangurinn er oft óviss frá byrjun, og því útheimtir slíkt öflugra samstarfsaðila með víðsýni og hugrekki til að tryggja þróun þeirra“.<sup>53</sup> Hægt er að fanga kjarna leiðarvísisins með eftirfarandi orðum: Virkjun, samstarf, samþætting og heildarhugsun

Brúarsmíði milli menningarrannsókna og atvinnulífs er einmitt „ummyndandi verkefni“. Það er að sönnu vandasamt verkefni en bráðnauðsynlegt og krefst samhentra, öflugra samstarfsaðila beggja vegna árbakkanna sem hafa til að bera víðsýni og hugrekki.

---

<sup>51</sup> Goddard, John, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way*, European Union Regional Policy, 2011, [http://ec.europa.eu/regional\\_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf)

Vísað er í útdrátt í ísl. þýðingu í fylgiskjali

<sup>52</sup> Sama heimild.

<sup>53</sup> Sama heimild.

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

**Opinber stefnumótun**

Hér á eftir verður gerð tilraun til að bera saman grundvöll menningararfsmiðlunar við stofnanir og fyrirtæki sem hafa hlutverk sem lýtur að rannsóknum á auðlindum sem tengjast matvælafræðslu. Markmiðið er að vekja spurningar og varpa ljósi á möguleika sem skapast við það að til séu rannsóknastofnanir sem sinna undirstöðu tiltekinna atvinnugreina.

Áður en hafist verður handa við að staðfæra stoðkerfi sjávarútvegs og annarra matvælaauðlinda upp á menningu skal vikið nokkrum orðum að stefnumótun stjórnvalda og markmiðssetningu í málefnum menningar, annars vegar og atvinnulífs, hins vegar. Um er að ræða frumvarp til þingsályktunar um opinbera menningarstefnu sem liggur fyrir Alþingi og sóknaráætlunina *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð*. Athygli vekur að gert er ráð fyrir því að menningarstefna taki tillit til sóknaráætlunarinnar um atvinnulíf en ekki er minnst á menningu sem gangvirki í íslensku atvinnulífi í atvinnustefnu sóknaráætlunarinnar.

**Menningarstefna ríkisins**

Fyrir alþingi liggur frumvarp til þingsályktunar um menningarstefnu ríkisins.<sup>54</sup> Helstu þættir stefnunar snúa að sköpun og þátttöku í menningarlífinu, góðu aðgengi að listum og menningararfi, samvinnu stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar og þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu. Í frumvarpinu kemur jafnframt fram að íslensk stjórnvöld líta á það sem hlutverk sitt að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.

Menningarstefna þessi er eins og áður segir sett fram í samhengi við almenna markmiðasetningu stjórnvalda sem birtist í sóknaráætluninni *Ísland 2020* og er talið brýnt „að stefnan sé lifandi þáttur í stefnu stjórnvalda í málaflokknum á hverjum tíma, ekki síst í ljósi þess að breytingar eru hraðar í samtímanum og að tækninýjungar og mikil hreyfing á fólki og fjármagni gera að verkum að hugsunin að baki menningarstefnu stjórnvalda verður að vera í reglulegri endurskoðun. Sú endurskoðun heldur áfram og fer einnig fram í gegnum almenn stjórnþæki stjórnvalda á sviði menningarmála. Blómlegt menningarlíf í landinu er öllum til góða“.<sup>55</sup>

<sup>54</sup> Tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu, <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/0199.pdf>

<sup>55</sup> Sama heimild

Rétt er að taka fram að stefnmótun á aldrei að vera „lýsing“ á ástandi eða núverandi aðkomu stjórnvalda að málaflakki heldur orðuð sýn. Menningarstefna er ekki heldur „hvatning“<sup>56</sup>, hún er gangvirki allra þeirra kerfa, stórra sem smárra, sem vinna á sviði „íslenskrar menningar“. Því er brýnt að menningarstefna ríkisins byggji á fræðilegri undirstöðu og sýni bæði hugrekki og framsýni.

Hlutverk og aðkoma stjórnvalda að menningarstarfsemi er þríþætt og felst í frumkvæði, samvinnu og stuðningi við opinbera aðila, fyrirtæki, samtök og einstaklinga. Mikilvægt er að það komi skýrt fram í stefnumótun hvenær um er að ræða frumkvæði, stuðning eða samvinnu og hverjir hlutaðeigendur eru í hvert skipti. Faglegt samspil stofnana og grasrótur er bæði flókið og erfitt í framkvæmd en því gjöfylla ef vel tekst til.

### ***Sóknaráætlunin Ísland 2020***

Árið 2011 markaði ríkisstjórn Íslands sér stefnu sem ber nafnið *Ísland 2020 – Sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð*.<sup>57</sup> Leiðarljós yfirvalda var að setja fram heildstæða sýn og sameiginleg markmið til að tryggja markvissari og öflugri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Í kjölfarið hafa opinberar áætlanir verið einfaldaðar og sameinaðar til þess að þær stuðli að eflingu atvinnu og menntunar og auðveldi endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Þannig er einfaldari áætlanagerð ætlað að tryggja betri nýtingu fjármuna og öflugt samstarf stjórnsýslustiga og stofnana.

Það sem einkennir sóknaráætlunina er sama heildræna sýn og einkennir hina nýju akademísku hugsun. Ekki er eingöngu horft til hagvaxtar sem mælikvarða á eflingu atvinnulífs heldur eru teknar inn í myndina hugmyndir um velferð og lífsgæði.

Menningarleg virkni og fjölbreytni er einmitt það sem eykur lífsgæði í samfélagi og leggur grunn að tilvist og þar með atvinnulífi þess en rétt er að áréttu að menning lýtur öðrum lögmálum en aðrar atvinnugreinar að því leyti að hún varðar beinlínis lífshætti og menntunarstig almennings og forsendur menningar eru þess eðlis að sköpunin og viðhald þekkingarinnar geta ekki farið að öllu leyti fram í einkafyrirtækjum. Því ríkir samfélagsleg sátt um að þjóðmenningu

---

<sup>56</sup> Hér er hnýtt í orðalag þingsályktunartillögunnar en þar segir: „Stefnunni er ætlað að *lýsa*, á breiðum grundvelli, aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs og nýtast stjórnvöldum og Alþingi við frekari umræðu, stefnumótun á afmörkuðum sviðum og ákvarðanatöku. [...] Vonast er til að stefnan verði *hvatning* þeim fjölmörgu aðilum sem vinna á sviði íslenskrar menningar til að vanda til verka og horfa til framtíðar við ákvarðanir og áætlanagerð. Hún ætti að gagnast stjórnáráðgjöfnum og embættismönnum, starfsfólki menningarstofnana, fræðimönnum, úthlutunarnefndum, listamönnum og samtökum þeirra, fjölmiðlafólki og öllum þeim sem taka þátt í menningarlífinu. Ýmsir samstarfsaðilar stjórnvalda í menningarmálum, t.a.m. sveitarstjórnir og einkaaðilar, ættu einnig að geta horft til stefnunnar.“ Sama heimild. Leturbreytingar eru höfundar.

<sup>57</sup> *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð*.  
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>. Sjá einnig Samantekt úr sóknaráætlun fyrir svæði - <http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/soknaraaetlun-2020/landshlutar/samantekt/>

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

sé, að minnsta kosti að hluta til, haldið við með sameiginlegum sjóðum og opinberu forræði eins og fram kemur í hinni opinberu menningarstefnu sem liggur núna fyrir Alþingi. Þáttur menningar í markmiðssetningu ríkisstjórnarinnar liggur undir yfirborði texta áætlunarinnar og hefði að ósekju mátt koma betur fram í dagsljósið.

Í nánari útfærslu sóknaráætlunarinnar er lögð áhersla á menntun, sveigjanleika á vinnumarkaði, víðtæka sátt um verndun og nýtingu auðlinda og síðast en ekki síst einföldun á stjórnkerfi og stjórnsýslu til hagsbóta fyrir atvinnulíf, uppfræðslu og rannsóknir. Markmiðið er enn og aftur að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi, hagkvæmni, hlutlægni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði.

Þar er jafnframt lagt til að allt styrkjafyrirkomulag, samningar (s.s. vaxtar- og menningarsamningar), atvinnuþróunarfélög, markaðsmál, þekkingarsetur, þekkingarnet, fræðslumiðstöðvar, menningarmál og ýmis önnur þjónusta ríkisins í landshlutum verði sett undir eitt regluverk og regluverkið tengist með beinum hætti sóknaráætlun hvers landshluta og forgangsroðun þeirra í því sambandi.<sup>58</sup>

Ef þessi áætlun gengur eftir þýðir hún nánast byltingu í verklagi með sinni kerfiseinföldun og fækkun hagsmunaaðila. Horfur eru því að hver landshluti verði hagkvæmari rekstrareining og þar með landið í heild sinni. Ef litið er til þess regluverks Evrópusambandsins sem Ísland er tengt við í gegnum EES-samninginn má einnig líta á landið í heild sem hagkvæmari rekstrareiningu innan Evrópusamfélagsins hvort sem það er innan Evrópusambandsins eða með þátttöku í EES-samningnum. Því má segja að ráðleggingar Evrópusambandsins um þátt háskóla í svæðisbundnum vexti eigi bæði við um einstök landsvæði eða hluta eins og þeir eru skilgreindir í sóknaráætluninni og Ísland sem einingu innan Evrópusamstarfs. Sérstaða landsins og fámenni þjóðarinnar verða til þess að margir þættir leiðbeininga Evrópusambandsins eiga ekki síður við stjórnsýslu á vegum ríkis en sveitarstjórna.

Sóknaráætlunin, menningarstefnan og sjónarhorn Evrópusambandsins renna í eina átt að samhengi og heildrænni sýn á það sem knýr áfram vöxt og viðgang samfélaga. Þetta er sami kjarni og í hugmyndinni um menningarlega sjálfbærni – að viðhalda, hvetja og drífa áfram.

---


<sup>58</sup>Tillaga til ríkisstjórnar um sameiginlegan skilning Stjórnarráðsins að útfærslu Sóknaráætlana landshluta árin 2012-2020, /, sótt 15. desember 2012 á [http://fjardungssamband.is/fjardungsting/57\\_fjardungsting](http://fjardungssamband.is/fjardungsting/57_fjardungsting). Sjá einnig glærur Héðins Unnsteinssonar, [http://www.ssv.is/Files/Skra\\_0058173.pdf](http://www.ssv.is/Files/Skra_0058173.pdf), sótt 15. desember 2012.

## Hugmyndir um stoðkerfi og samráðsvettvang menningar og atvinnulífs (ferðaþjónustu)

Eins og kemur fram í fyrri hluta greinargerðarinnar hefur mikil áhersla verið lögð á klasastarf til byggðapróunar og uppbyggingar atvinnulífs. Klasahugmyndin sem byggist samstarfi einkaaðila, hins opinbera og rannsóknasamfélagsins er byggð á hinum svokallaða þekkingarþríhyrningi.

Þekkingarþríhyrningur er hugtak sem tekur til þriggja meginþátta í samspili menntunar, rannsókna og nýsköpunar, og felur í sér að

1. hlutverk háskóla í nýsköpun þarf að vera framsæknara og standa jafnfætis atvinnulífi og stjórnvöldum innan þekkingarsamfélagsins;
2. samvinnuverkefnum á milli þriggja helstu stofnanasviða samfélagsins verði gert hærra undir höfði og nýsköpunarmarkmið byggist í auknum mæli á samvinnu fremur en forskrift stjórnvalda;
3. auk þess að sinna sértæku og hefðbundnu eigin hlutverki, eignist sérhvert sviðanna þriggja einnig hlutdeild í hlutverkum hinna tveggja og takist þannig á við ný og krefjandi viðfangsefni. Stofnanir sem takast á við óhefðbundin verkefni/hlutverk þykja búa yfir sköpunarkrafti sem nýta má sem auðlind til nýsköpunar eða umsköpunar eldri verkefna.



59

<sup>59</sup>Myndin er byggð á mynd úr *Catalysing Innovation in the Knowledge Triangle. Practices From The Eit Knowledge And Innovation Communities*, <http://eit.europa.eu/newsroom-and-media/article/first-eit-publication-catalysing-innovation-in-the-knowledge-triangle/>



---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Á forsendum menningar sem auðlindar og með þekkingarþríhyrninginn að leiðarljósi er hægt að varpa nýju ljósi á þær opinberu stofnanir og fyrirtæki sem nú þegar sinna auðlindarannsóknum og eftirliti hér á landi. Hér á eftir verður lesið í markmið og tilgang tveggja opinberra stofnana og tveggja fyrirtækja og gerð tilraun til að mæta samband menningar og atvinnulífs inn í þá ramma. Helst verður staldrað við þau mögulegu tækifæri sem slíkur samanburður getur varpað ljósi á. Þáttur rannsókna í starfi hvernar stofnunar og fyrirtækis er sérstaklega til skoðunar. Einnig verður vikið nokkrum orðum að „skapandi greinum“ sem afmarkaðri einingu.

### **Fyrirmynd 1. Hafrannsóknastofnun.**

Menningarannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði menningar, menningarlegrar sjálfbærni og menningarannsóknar og gegnir lögum samkvæmt mikilvægu ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu menningarauðlinda þjóðarinnar. Mikill hluti starfseminnar tengist samstarfi við erlendar rannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur tvær rannsóknastofnanir, 5 útibú og nýsköpunarsmiðju. Þar starfa um 170 manns.

Menningarrannsóknastofnunin heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og er að stærstum hluta kostuð af fjárlögum ríkisins. Stofnunin hefur þrjú hlutverk:

- að stunda rannsóknir á íslenskri menningu, sögu og menningararfi
- að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á menningarauðlindum
- að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í atvinnutengdu menningarstarfi, og almennings

Af þessum þáttum er rannsóknátturinn langumfangsmestur.<sup>60</sup>

Textinn hér að ofan er lýsing á starfsemi Hafrannsóknastofnunar Íslands af heimasíðu stofnunarinnar. Öllum tilvísunum í haf og sjávarnytjar er snúið upp á menningu, menningarrannsóknir og menningarstarfsemi.

Hafrannsóknastofnunin er ríkisstofnun sem vinnur samkvæmt lögum og gegnir lykilhlutverki í bæði rannsóknum, mælingum og ráðgjöf á hafi, landgrunni og sjávarfangi. Hún ber höfuð og

---

<sup>60</sup> „Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir lögum samkvæmt mikilvægu ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist samstarfi við erlendar rannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur tvö rannsóknaskip, 5 útibú og tilraunaeldisstöð. Þar starfa um 170 manns.

Hafrannsóknastofnunin heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið og er að stærstum hluta kostuð af fjárlögum ríkisins. Stofnunin hefur þrjú hlutverk:

- að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess,
- að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins,
- að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings.

Af þessum þáttum er rannsóknátturinn langumfangsmestur.“, „Almennt“, *Hafrannsóknastofnun*, ed, sótt 18. september 2012 á <http://www.hafro.is/undir.php?ID=1&REF=1>

herðar yfir aðrar rannsóknastofnanir að stærð og umfangi. Fram kemur á heimasíðu Hafró að stærsti hluti rannsókna sem stofnunin stundar séu hluti af alþjóðlegu samstarfi.

Ef markmið stofnunarinnar skv. lagabókstafnum eru skoðuð þá á stofnunin að afla þekkingar á umhverfi, eiginleikum umhverfisins og undirstöðu, bakgrunni, lífsskilyrðum og lifnaðarháttum. Stofnunin á enn fremur að hafa eftirlit með alls kyns mælingum veita ráðgjöf um hagnýtingu, um þróun verkfæra. Hún á að sinna hefðbundnu viðhaldi, viðhalda og efla fjölbreytileika ásamt ráðgjöf til stjórnvalda.<sup>61</sup> Hafrannsóknastofnunin hefur á valdi sínu þvingunarnar- og takmörkunarræði svo sem aðgangstakmarkanir osfrv.

Hægt er að skipta verkefnum Hafrannsóknastofnunar í eftirfarandi þætti:

- grunnrannsóknir á auðlindinni
- hagnýtar rannsóknir á auðlindinni
- eftirlit með auðlindinni
- ráðgjöf varðandi hagnýtingu á auðlindinni

Innan einnar ríkisstofnunar verður til gífurleg þekking á öllum þáttum auðlindarinnar, verndun hennar og hagnýtingu og í krafti þess verður stofnunin miðstýrt stjórnvald.

Rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eru viðurkenndar sem grunnur og undirstaða fyrir hagnýtingu auðlindarinnar og eru jafnframt unnar í alþjóðlegu samhengi. Þetta tvennt er til fyrirmyndar fyrir viðhorf til menningar- og hugvísindarannsókna sem stundaðar eru innan opinberra menningarstofnana, háskóla og rannsóknastofnana. Þetta á sérstaklega við um frjálstrar akademískrar grunnrannsóknir.

Markmiðið er skýrt – að rannsaka og þekkja grunn og undirstöðu auðlindarinnar og skilja gangverk hennar og miðla því áfram.

Ekki er þörf á sérstakri menningarrannsóknastofnun ef unnt er að tryggja að forræði yfir grunnrannsóknnum, hagnýtum rannsóknnum, eftirliti og ráðgjöf sé hjá opinberum aðilum sem eru meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart menningarauðlindinni.

---

<sup>61</sup>Sjá lög nr. 64/1965 - <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwtext/html/lagasofn/127b/1965064.html&leito=Hafranns%F3knastofnunin#word1>

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

### ***Fyrirmynd 2. Matvælastofnun***

Matvælastofnun er opinber eftirlitsstofnun er vinnur samkvæmt lögum og reglugerð.

Hennar helsta hlutverk er að sinna eftirliti, fræðslu og þjónustu bæði við matvælaframleiðendur og neytendur og er sérstaklega talað um eftirlitshlutverk stofnunarinnar gagnvart hráefni til matvælaframleiðslu svo sem eins og „heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.“<sup>62</sup> Stofnunin hefur með höndum eftirlit með allri keðju matvælaframleiðslunnar, heilðsölu, smásölu og jafnvel framreiðslu.

Stofnunin veitir stjórnvöldum einnig ráðgjöf varðandi löggjöf um matvælaframleiðslu og hefur miðstýrt eftirlitshlutverk. Hún getur einnig, eins og Hafrannsóknastofnun beitt loknunum og þvingunarúræðum.

Hér væri hægt að taka til fyrirmyndar heildstæða og umfram allt faglega vöktun og jafnvel vottun með menningararfurðum og miðlun menningarþekkingar til framleiðenda sem neytenda. Fagmennskan snýr í þessu tilfalli jafnt að stjórnun og rekstri verkefna sem og menningarlegu samhengi.

Hér eru markmiðin einnig skýr – aðkoma að stjórnsýslu, fræðsla og vöktun með afurðum, með öryggi auðlindarinnar og neytenda að leiðarljósi.

### ***Fyrirmynd 3. Matís ohf.***

Fyrirtækið Matís ohf skilgreinir sig sem öflugt „þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókn- þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvælaíðnaði.“<sup>63</sup> Rekstrarform Matís er opinbert hlutafélag, og heyrir það undir atvinnuvegaráðuneytið. Helstu markmið Matís ohf eru nýsköpun og jafnvel einhvers konar umsköpun á eldri framleiðsluaðferðum til að auka verðmæti afurða jafnframt öflugu þróunar- og rannsóknastarfi sem fer fram jafnt í innlendu samstarfi sem erlendu. Matís ohf hefur veitt eins konar rannsóknarþjónustu og verið tengiliður milli hugmyndasmiða, rannsakenda og markaðarins þar sem hver og einn getur haft frumkvæði að samstarfi sem fyrirtækið hefur umsjón með og ber faglega ábyrgð á.

Lykilstarfsemi Matís fer fram í neti starfsstöðva um allt land. Starfsstöðvar eru nú 9 talsins, að höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík meðtöldum og eru starfsmenn þeirra tengdir öllum fagsviðum fyrirtækisins.<sup>64</sup>

---

<sup>62</sup>„Um Mast, *Matvælastofnun*, ed., sótt 15. desember 2012 á

<http://www.mast.is/matvaelastofnun/matvaelastofnun/um-mast/>

<sup>63</sup>„Um Matís“, *Matís ohf*, ed, sótt 15. desember 2012 á <http://www.matis.is/um-matis-ohf/>

<sup>64</sup>Sama heimild

Á heimasíðu Matís kemur fram að starfsstöðvarnar eru innbyrðis ólíkar og verkefni þeirra fræðilega og faglega mismunandi:

Að sama skapi taka starfsstöðvarnar einnig mið af nærsamfélaginu á hverjum stað og þeim þörfum sem þar eru. Þannig eru starfsstöðvar Matís á Ísafirði og í Vestmanneyjum í tveimur af stærri sjávarútvegsstöðum landsins, hjá Matís á Höfn í Hornafirði hefur mikið starf verið unnið með humarframleiðendum og á Sauðárkróki er líftækni lykkillinn að samstarfi við heimaaðila í matælavinnslu. Mælingaþjónustan í Neskaupstað er mikilsverð fyrir bæði framleiðslufyrirtæki og opinbera eftirlitsaðila á heilbrigðissviði á Austurlandi og hjá Matís á Akureyri hefur hefur byggst upp mikil rannsóknarþekking í fiskeldi. Loks er að geta matarsmiðjanna sem Matís hefur síðustu ár byggt upp á Höfn í Hornafirði og nú á Flúðum. Þar eru opnaðir möguleikar margra áhugasamra matvælaframleiðenda heima í héraði og þeim hjálpað til að láta draum um framleiðsluvörur og atvinnunýsköpun verða að veruleika.<sup>65</sup>

Fjölþætt samstarf Matís ohf í nærumhverfinu og möguleiki þess til að tengja saman háskóla og akademískar rannsóknir, nýsköpun og það sem ég vil kalla umsköpun á eldri framleiðsluaðferðum og atvinnulífi er kraftmikil tilraun til að virkja þekkingarþríhyrninginn fyrrnefnda og er í samræmi við hvatningu Evrópusambandsins um virkjun háskóla og akademískra rannsókna til eflingar svæðisbundnum vexti sem ekki er eingöngu byggður á úreltum mælikvörðum eldri hagvaxtarmælinga heldur hinni nýju heildrænu hugsun um velsæld og lífsgæði eins og kemur fram í Sóknaráætluninni Ísland 2020.

Á heimasíðu Matís ohf kemur fram að fyrirtækið ætli að, vinna að því að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í matvælaíðnaði og fiskvinnslu og leggja sitt af mörkum til að skapa þessari mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar áfram þann sess sem hún skipar í dag“.<sup>66</sup>

Matís ohf getur svo sannarlega orðið fyrirmynd að „Mennis ohf“, fyrirtæki sem leggur áherslu á afurðir sem byggðar eru á menningarauðlindinni, með starfsstöðvar um land allt sem bjóða upp á aðgang að sérfræðingum og aðstöðu og möguleikum á tengslaneti bæði við atvinnulífið og rannsóknasamfélagið.

Mennis ohf yrði með tímanum jafn mikilvæg tengistöð (e. Hub) og Matís ohf og gæti bæði sýnt frumkvæði að verkefnum, stýrt samvinnu mismunandi aðila, svo sem opinberra aðila, háskóla og akademískra rannsóknastofnana, sérhæfðra (þ.e. ferðaþjónustu)fyrirtækja, samtaka, frjálsra félagasamtaka og einstaklinga og stutt við nýsköpun og rannsóknir á henni sem spretta úr grasrótinni – þaðan sem dýrmætustu vaxtarbroddarnir koma.

---

<sup>65</sup> „Starfsstöðvar Matís“ *Matís ohf*, ed, sótt 15. desember 2012 af <http://www.matis.is/um-matis-ohf/>

<sup>66</sup> Sama heimild

---

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

Rétt er að geta þess að nú þegar stundar Matís ofh rannsóknir á menningu og ferðaþjónustu án þess að nýta sér vísinda- og fræðimenn í menningar, hug- og félagsvísindum.<sup>67</sup>

### **Fyrirmynd 4. Biopol**

Biopol er einkafyrirtæki sem stofnað var að frumkvæði sveitarfélags í samstarfi við háskóla og erlendar rannsóknastofnanir um afmarkað verkefni. Verkefnið er bæði svæðisbundið og markmið þess er að kanna möguleika á nýtingu „sjávarfangs sem ekki hefur haft skilgreind not eða eiginleikar ekki verið þekktir“.<sup>68</sup> Einnig beinist rannsóknastarfið að umhverfisvöktun og mælingum sem safnað er saman í gagnabanka. Biopol telur væntanlegan ávinning með starfseminni vera margvíslegan bæði hvað varðar verðug verkefni fyrir háskólamenntaða rannsakendur í nærumhverfi og einnig er þess vænst „að niðurstöður verkefna setursins „leiti út á markað“ og að í framhaldinu myndist sprotafyrirtæki sem hefji framleiðslu á ýmsum vörum til neytenda eða til áframhaldandi vinnslu. Slík fyrirtæki yrðu ekki síst stofnuð á landsbyggðinni í nágrenni setursins“.<sup>69</sup>

Hér væri hægt að taka til fyrirmyndar frumkvæði sveitarfélags að stofnun fyrirtækis um ákveðið landfræðilega afmarkað rannsóknarverkefni í samstarfi við innlendar sem erlendar rannsóknastofnanir.

Hér eru markmiðin einnig skýr – svæðisbundin uppbygging á nýsköpun í atvinnulífi til hagsbóta fyrir nærsamfélagið.

### **Fyrirmynd 5. Skapandi greinar.**

Á undanföllum árum hefur verið lögð mikil vinna í að sýna fram á að listsköpun skili þjóðarbúinu talsverðum tekjum<sup>70</sup>. Afrakstur þeirrar vinnu er að til er orðið hugtakið „skapandi greinar“ sem viðurkennt er að sé mikilvægur hlekkur í menningarlífi landsmanna, jafnt og í efnahagslífi og tekjuöflun. Til marks um það má nefna að starfandi er fagrað lista og skapandi greina innan Íslandsstofu, en það er skipað framkvæmdastjórum fagmiðstöðva þeirra greina sem

---

<sup>67</sup> Sjá t.d. verkefni *Matur og sjálfbær ferðaþjónusta, Sælkerafiskur fyrir ferðalanga og Sérstaða hefðbundins skyr*, sem kynnt eru á verkefnalista Matís, „Verkefni“, *Matís ohf*, ed., sótt 15. desember 2012 á <http://www.matis.is/verkefni/>

<sup>68</sup> „Um Biopol“, *Biopol*, ed., sótt 15. desember 2012 á <http://biopol.is/efni/fyrirtaekid>

<sup>69</sup> Sama heimild.

<sup>70</sup> Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*, *Iðnaðarráðuneytið*, maí 2011, sjá [http://www.idnadaraduneyti.is/media/frettir/SkapandiGreinar\\_2011.pdf](http://www.idnadaraduneyti.is/media/frettir/SkapandiGreinar_2011.pdf)

skilgreina sig innan málaflokksins.<sup>71</sup> Með því hefur hagsmunaaðilum greinarinnar tekist að skapa sér þann sess að vera virkir þátttakendur í stefnumótun og ákvörðunum.

Skapandi greinar njóta því opinberrar aðstoðar, s.s. landkynningar utanríkisráðuneytisins o.þ.h., sem má þykja eðlilegt í ljósi nýrrar sýnar á málefnið. Skapandi greinar samanstanda þó í raun aðeins af þeirri stétt manna sem framleiða verk, s.s. kvikmyndir, myndverk, tónlist í söluformi af einhverju tagi, en einnig hönnuðum, arkitektum, iðnaðarmönnum og öðrum sem hafa vöru að selja. Hugtakið skapandi greinar nær því aðeins til lítils hluta menningarstarfsemi. Þannig er til dæmis töluverður fjöldi listamanna sem starfa utan sviðsins, en jafnframt heyra t.d. miðlun sögulegrar- og menningarlegrar þekkingar, s.s. í byggðasafni úti á landi, textarannsóknir Árnastofnunar, bókmenntakennsla í Háskólanum, forvarsla höfuðsafna landsins svo fátt eitt sé talið, ekki undir slíkt starf. Af þessu má ráða að söguvitund, fornþekking og aðrar undirstöður íslenskrar þjóðmenningar, hafa ekki verið aðlagðar nýjum veruleika.

Starf þeirra sem hafa skilgreint skapandi greinar og skipað þeim sess í atvinnu- og þjóðlífi er þannig fyrirmynd að því leyti að það sýnir hversu miklu má áorka með sameiginlegu átaki og vinnu á menningarsviði – og að menning og atvinnurekstur fer oft saman. Tilurð skapandi greina sem hugtaks og fyrirbæris skapar þó jafnframt hættu á að það menningarstarf sem fellur utan skilgreiningarinnar og hagsmunanna falli í skuggann, tapi stöðu sinni og framlög til þess minnki. Tilurð „skapandi greina“ sem virks málaflokks með starfandi fulltrúa ætti að vera hvatning af tvennum toga til að skilgreina og staðsetja annars konar menningarstarf í síbreytilegu samfélagsmynstri.

---

<sup>71</sup> **Fagrað lista og skapandi greina:** Ása Richardsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þorgerður Agla Magnúsdóttir, Anna Hildur Hildibrandsdóttir, Halla Helgadóttir, Sigfríður Björnsdóttir, Laufey Guðjónsdóttir, Ólafur Andri Ragnarsson, Dorothee Kirch, Ásta Magnúsdóttir, Auður Edda Jökulsdóttir <http://www.islandsstofa.is/um-islandsstofu/stjorn-/fagrad/>

## RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA

**Að lokum**

Það er samdóma álit innlendra og erlendra hugmyndasmiða að virkjun, samstarf, samþætting og heildarhugsun er veganesti okkar inn í þá tíma sem fara í hönd. Þessir þættir eiga ekki bara við í samhengi við heildarstefnumótun heldur verður að umskapa stoðkerfi atvinnulífs og ekki síst vísinda- og fræðasamfélagið í þessum takti. Nú er svo komið að hlutverk þekkingar- og rannsóknasetra á landsbyggðinni hvort sem þau eru í tengslum við Háskóla Íslands eða ekki, eru of þröngt skilgreind skv. hugmyndum um heildarhugsun (e. holistic view) og samþættingu sem hagnýti *Leiðarvísirinn* frá Evrópusambandinu leggur svo mikla áherslu á.

Það sama á við þegar rýnt er í kynningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á starfsemi sinni en þar kemur fram að stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki fari fram með tæknirannsóknnum og ráðgjöf og hagnýtum rannsóknnum og tækniráðgjöf á sviði bygginga og mannvirkja, framleiðslu, líf- og efnistækni, efnagreininga og orku.<sup>72</sup> Eins og kemur fram í fyrri hluta skýrslunnar sinnir enginn starfsmaður miðstöðvarinnar sérfræðipjónustu á sviði menningar, hug- og félagsvísinda.

Heildræn hugsun liggur einnig til grundvallar hugmyndinni um menningarlega sjálfbærni sem felur í sér þann ásetning að meiða hvorki né eyða og að búa í haginn fyrir lífsgæði allra. Í hugmyndinni um menningarlega sjálfbærni felst gangvirki menningarinnar sem er á ábyrgð samfélagsins alls.

Í virku samspili menntunar, rannsókna og nýsköpunar í hinum svokallaða þekkingarþríhyrningi er einnig falið gangvirki sem dregur fram kraft nýsköpunar og umsköpunar á grunni sem viðtækastra rannsókna í þágu almennra lífsgæða og krafmikils atvinnulífs.

Sú tilraun sem hér er gerð með því að skilgreina menningu sem auðlind á fyrst og fremst að draga fram meginlínur og bjóða upp á kunnuglegt tungutak og umhverfi úr hefðbundnum auðlindarannsóknnum og atvinnurekstri. Einnig er hægt að varpa nýju ljósi á hlutverk og ábyrgð opinberra menningarstofnana í samhengi við hlutverk stofnana eins og Hafrannsóknastofnunar og Matvælaeftirlitsins í grunnrannsóknnum, ráðgjöf og vottun.

Rekstrarform Matís ofh og ekki síst fjölþætt samstarf þess við einstaklinga, fyrirtæki jafnt og innlenda sem erlenda háskóla og akademískar rannsóknastofnanir um nýsköpun og umsköpun á

<sup>72</sup> „Þjónusta“, *Nýsköpunarmiðstöð Íslands*, ed, sótt 6. janúar 2013 á <http://www.nmi.is/um-okkur/thjonusta/>

eldri framleiðsluaðferðum og atvinnulífi er allrar eftirbreytni verð. Hið ímyndaða Mennís gæti jafnvel haft enn fjölbreyttari birtingarmyndir en Matís og verið hýst í setrum og stofnunum sem eru þegar til staðar um land allt. Þar yrðu til svæðisbundar „lifandi rannsóknastofur“ á borð við lifandi rannsóknasetrin eins og talað er um í *Leiðarvísi* Evrópusambandsins.

Fyrst og fremst er þó hugrekki forsenda breytinga sem og sterk sýn byggð á þekkingu og skilningi á mikilvægi íslenskrar menningar. Hún er mikilvæg í sjálfu sér og sem auðlind til uppbyggingar faglegs atvinnulífs í alþjóðlegu samhengi enda er hún, eins og ferðaþjónustan – útflutningsafurð.

Sólveig Ólafsdóttir





HÁSKÓLI ÍSLANDS

---

RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA